



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



Óperugleði í Miðgarði
Helga Rós Indriðadóttir
stendur fyrir Óperutónleikum í
Miðgarði í Skagafirði.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

29. júlí 2011
175. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt gættisráðgjafi Capacent Gallup apríl - júní 2011



Polendur ekki ábyrgir
Nei-hreyfingin gefur þau
skilaboð að allir eigi rétt á
að verða ekki fyrir ofbeldi.
föstudagsviðtalið 10

Sýna á Ingólfstorgi
Þátttakendur í Holland's
Next Top Model verða með
tískusýningu á Ingólfstorgi.
fólk 26



KR-ingar steinlágu
Evrópuævintýri KR er
nánast á enda eftir 1-4 tap
fyrir Dinamo Tbilisi á KR-
vellingum.
sport 22

veðrið í dag

VÆTA V-TIL Í dag verður úrkoma með köflum V-til en bjart N- og A-lands. Víða stöku skúr seinnipartinn. Hiti 10-17 stig yfirleitt.

VEÐUR 4

Þrír íþróttabjálfarar reknir vegna kynferðisbrota í starfi

Premur þjálfurum í Hafnarfirði hefur verið vísað úr starfi á síðustu þremur árum vegna kynferðisbrota. Málin hafa komið inn á borð Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Formaðurinn óttast að málin séu fleiri.

LÖGREGLUMÁL Þrjú kynferðisbrotamál hafa komið inn á borð forsvarsmanna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) á síðustu þremur árum. Þjálfararnir áreittu allir nemendur sína kynferðislega og var vikið úr starfi fyrir vikið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tengjast málin Sundfélagi Hafnarfjarðar (SH), Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar og Karatefélagi Hafnarfjarðar. Þjálfari í félaginu áreitti á annan tug stúlkna og kvenna yfir langt tímabil. Tvær 14 ára stúlkur kærðu manninn, en málið var látið niður falla. Þjálfarinn, sem var af erlendu bergi brotinn, var að lokum rekinn úr félaginu. Ágústa Hera Birgis-

upp störfum hjá Sundféluginu. Þjálfari í Karatefélagi Hafnarfjarðar var sakaður um að hafa áreitt ungan nemanda sinn á grófan hátt í langan tíma þegar hún var um 14 ára. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var maðurinn aldrei kærður. Þriðja tilfellið var hjá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar árin 2006 og 2007. Þjálfari í félaginu áreitti á annan tug stúlkna og kvenna yfir langt tímabil. Tvær 14 ára stúlkur kærðu manninn, en málið var látið niður falla. Þjálfarinn, sem var af erlendu bergi brotinn, var að lokum rekinn úr félaginu. Ágústa Hera Birgis-

Á þessum þremur árum hafa þrjú mál komið upp, en þau eru örugglega miklu fleiri ...

ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR
FORMAÐUR ÍBH

dóttir, formaður Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar, segir að á endanum hafi komið í ljós að maðurinn hafði áreitt fleiri stúlkur hjá öðrum félögum þar sem hann starfaði. „Það versta sem hægt er að gera varðandi svona mál er að þagga þau niður,“ segir Ágústa. „Það kom ekkert annað til greina en að láta

hann fara. Það var annað hvort hann eða félagið yrði lagt niður.“ Hafin er vinna hjá forsvarsmönnum ÍBH vegna svona mála. Félagið hefur sett siðareglur og segir Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri að vinna við reglur um meðferð kynferðisbrota innan íþróttafélaga hefjist með haustinu. „Á þessum þremur árum hafa þrjú mál komið upp, en þau er örugglega miklu fleiri sem við vitum ekki af,“ segir Elísabet og segist fagna því að polendur stígi fram og tjái sig. „Við viljum hvetja börn og foreldra til að koma og tjá sig til að hafa hlutina í lagi. Það er allra hagur.“ - sv



HÁTÍÐIN AÐ HEFJAST Fólk streymdi til Vestmannaeyja í gær á Þjóðhátíð sem hefst formlega klukkan 14.30 í dag. Þetta unga fólk var búið að koma sér notalega fyrir í Herjólfssdal sem mun iða af lífi næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Von á vætu um helgina:

Tugþúsundir á faraldsfæti

FERÐALÖG Tugþúsundir Íslendinga leggja land undir fót nú um verslunarmannahelgina þrátt fyrir að veðurspáin sé ekki beysin.

Fjöldi hátíða er í boði þetta árið, en líklega verður mestur mannfjöldi á Einni með öllu á Akureyri, Unglingalandsmótinu á Egilsstöðum og Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Lögregla hvetur fólk sem leggur í ferðalög til þess að ganga tryggilega frá heimilum sínum til að fyrirbyggja innbrot. Eins sé ráðlegt að biðja nágranna um að líta til með húsnæði og vera vakandi fyrir grunsamlegum mannaferðum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni hafði umferð á vegum landins gengið vel að mestu leyti fram eftir degi í gær og engin alvarleg tilfelli höfðu komið upp. - þj / sjá síðu 6

Jarðfallið á veginum í Almagnagjá verður verndað og sýnilegt:

Vatn frá bílaplani skóp holuna

NÁTTÚRA Vatn frá bílaplani ofan við Almagnagjá sytraði undir veginn niður gjána og varð til þess að jarðfall myndaðist á veginum. Losnað hafði um uppfyllinguna í jarðskjálftunum 2000 og 2008 og regn- og yfirborðsvatn gróf síðan undan veginum og því fór sem fór. Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, segir að farið verði í umfangsmiklar endurbætur á planinu. Það var lagt árið 1974 í tilefni 1.100 ára afmælis Íslandsbyggðar. Síðan hefur ekkert verið átt við planið. Frágangur þar verður lagaður og nýtt dren lagt, sem beinir vatninu annað. Samkvæmt deiliskipulagi og ákvörðun nefndarinnar fær planið nýtt hlutverk og bílum verður úthýst þaðan. Álfheiður segir að nýja gjáin sem

myndaðist á veginum, sem nefndur er Kárastaðastígur, verði varðveitt. Ýmsar leiðir eru nefndar til sögunnar, meðal annars að leggja harðplast eða plexigler yfir holuna eða koma þar fyrir stálgrind. Jafnvel kemur til greina að koma lýsingu fyrir ofan í gjánni svo gestir geti virt hana betur fyrir sér. Kostnaður nemur 22 til 38 milljónum króna, eftir því hvaða leið verður fyrir valinu. Líklegast er að kostnaður verði á bilinu 22 til 25 milljónir króna. Fyrstu framkvæmdir við veginn voru gerðar árið 1830 og hann síðan fullkláraður fyrir konungskomuna árið 1907. Álfheiður segir að eingöngu sé um uppfyllingu að ræða og skjálftarnir og vatnið hafi því grafið undan veginum. - kóp



JARÐFALLIÐ Vegurinn niður Almagnagjá liggur ofan á uppfyllingu og jarðskjálftar losuðu um steinana. Vatnsagi gróf síðan undan veginum og skapaði jarðfallið.

TILBOÐ! TILBOÐ! TILBOÐ! TILBOÐ!

Húsavíkurlógúrt á tilboði

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösom

Asphalia for natural sleep

Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum



Gísli, varst þú í Njú kids on ðe blokk?

Hverjir eru það eiginlega?

Gísli Helgason gaf út disk af því tilefni að 50 ár eru liðin frá fyrsta blokkflaututím-anum hans og 45 ár frá fyrstu tónleika-ferð hans og Arnþórs bróður hans.

Seðlabanki selur í Sjóvá:

Kaup fjármögn-uð án allra lána

VIÐSKIPTI Félagið SF1 gekk í gær endanlega frá kaupum á 52,4 pró-senta hlut Eignasafns Seðlabank-ans í Sjóvá.

SF1 er í eigu ýmissa aðila, meðal annars lífeyrissjóða, en Erna Gísladóttir verður nýr for-maður stjórnar Sjóvá.

Fram kemur í fréttatilkynn-ingu að kaupun séu alfarið fjár-mögnuð með eiginfé kaupenda en ekki lánum. Að því er segir á Vísi var kaupverðið um fimm millj-árðar króna.

Seðlabankinn á enn rúm 20 prósent í Sjóvá, SAT eignarhalds-félag á 1,7 prósent og Íslands-banki rúm níu prósent.

Börn vitni að alvarlegri árás:

Lögregla leitar árásarmanns

LÖGREGLUMÁL Hópur barna og for-eldra þeirra urðu vitni að fólsku-legri líkamsárás og ránstílaun á göngustíg við Suðurhóla í Reykja-vík, skammt frá Hólabrekku-skóla, í fyrrakvöld.

Lögregla leitar árásarmanns-ins, sem var með hanakamb og eyrnalokka, klæddur í svarta hettupeysu með rauðu mynstri.

Árásarmaðurinn sló mann um sextugt í jörðina og barði hann ítrekað og sparkaði í hann. Hann vissi að þolandinn hafði unnið í spilakassa á bar í grenndinni og virðist hafa ætlað sér að ræna af honum vinningnum.

Fórnarlambið hafði beðið starfsfólkið að geyma vinninginn, og var því ekki með féð á sér.

TRYGGINGAMÁL

Bótaþegar fá greitt eftir helgi

Mánaðargreiðsla Tryggingastofnunar til lífeyrisþega og annarra bótaþega vegna ágústmánaðar verður greidd út mánudaginn 1. ágúst, sem er frídagur verslunarmanna.

Bæjarstjóri segir stjórnvöld sýna atvinnuuppbyggingu lítinn áhuga á Reykjanesi:

Helguvíkurkaleikurinn kostar

ATVINNULÍF Árni Sigfússon, bæjar-stjóri Reykjanesbæjar, segir stjórn-völd sýna atvinnuuppbyggingu grátlega lítinn áhuga. Fréttablaðið sagði frá því í gær að tvö fyrirtæki væru með áform um hátæknilísk-eldi á Reykjanesi.

„Fjárfestar eru bara menn eins og ég og þú og því er svo mikilvægt að sýna þeim áhuga,“ segir hann. „Við í Reykjanesbæ höfum gert allt sem í okkar valdi stendur til þess að greiða götu fiskeldisfyrirtækjanna sem vilja koma til okkar en það er eins og að Helguvíkurkaleikurinn hafi haft þau áhrif að stjórnvöld vilji ekki sýna atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi áhuga, skiptir þá engu hvort um er að ræða fiskeldi, gagna-ver, gróðurhús eða hvað sem er.“

Fiskeldisfyrirtækin eru Íslensk matorka og Stolt Sea Farm en þau hyggjast nýta heita vatnið frá HS Orku. Einnig hefur fyrirtæki á vegum Ármanns Kr. Ólafssonar, oddvita Sjálfstæðisflokksins í Kópa-vogi, sótt um land- og heitavatns-nýtingu á svæðinu fyrir fiskeldi.

Íslensk matorka hyggst rækta bleikju og norræna tilapiu, Stolt Sea Farm senegalflúru og fyrirtæki Ármanns og félaga sandhverfu. - jse



ÁRNI SIGFÚSSON Ýmis tækifæri liggja fyrir á Reykjanesi en Árni segir stjórnvöld ekki sýna þeim áhuga eftir að hafa handtekið Helguvíkurkaleikinn.

Hestamenn íhuga að stefna Kópavogsbæ

Hestamannafélagið Gustur hyggst fara í mál ef ekki semst við Kópavogsbæ um uppbyggingu nýrrar aðstöðu. Hesthús hafa verið flutt úr Glaðheimum að Kjóa-völlum en aðstöðu félagsins vantar. Bærinn í viðræðum um sölu á svæðinu.

SKIPULAGSMÁL Hestamannafélag-ið Gustur hyggst sækja rétt sinn gagnvart Kópavogsbæ ef ekki semst um nýja aðstöðu fyrir félagið að Kjóavöllum. Bæjaryfirvöld hafa ekki staðið við samning um uppbyggingu á svæðinu.

Árin 2006 til 2007 var samið um flutning hesthúsasvæðisins frá Glaðheimum að Kjóavöllum. Samn-ingar voru tvíþættir: annars vegar keyptu bæjaryfirvöld hesthús af eigendum þeirra og hins vegar áttu eignir Gusts að ganga upp í nýja aðstöðu félagsins að Kjóavöllum. Bæjarfélagið keypti öll hesthúsin samkvæmt samningnum og hefur fjöldi þeirra þegar verið fluttur að nýja svæðinu eða rif-inn. Hesthúsa-eigendum var þó leyft að nýta húsin að Glað-heimum áfram. Nú hyggst bær-inn hins vegar rýma svæðið og þeir eigendur sem eftir eru þurfa að flytja sig um set.

Hermann Vilmundarson, for-maður Hestamannafélagsins Gusts, segir töfina á uppbyggingunni þýða mikil óþægindi fyrir félagið. Menn sýni því skilning að bærinn sé staurblankur, en það verði að semja við félagið og hefja framkvæmdir. Hann segist bjartsýnn á að samn-ingar náist, en félagið komi til með að leita réttar síns ef ekki semst.

„Hesthúsa eigendur eru að stærstum hluta á Kjóavöllum, en menn með hús þar eru með hesta í Glaðheimum því að engin aðstaða er á Kjóavöllum.“



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR



GLAÐHEIMAR Kópavogsbær hefur ekki framlengt leigusamning við hestamenn á svæðinu. Bærinn er í viðræðum við aðila um sölu á svæðinu. Niðurirf stendur nú yfir á húsunum.

Guðríður Arnardóttir, formað-ur bæjarráðs Kópavogs, segir að vissulega hafi ekki verið staðið við samninginn. Það standi hins vegar ekki steinn yfir steini í því sam-komulagi vegna efnahagshruns-ins. Framkvæmdir bæjarins verði að fjármagna af rekstrarfé, þar sem bærinn sé ekki í aðstöðu til að taka lán.

Hún segir bæjarfélagið hafa boðið Gusti að reisa reiðhöll sem er minni en upphaflega var áæt-lað. Þá sé í samningnum gert ráð fyrir sameiningu félaganna Gusts og Andvara, en hið síðarnefnda ráði yfir skeiðvöllum sem megi sam-nýta. Því þurfi ekki að reisa skeið-velli sérstaklega fyrir Gust.

Náist samkomulag um þetta mætti hefja framkvæmdir við reið-höll strax í haust. Hún yrði örliðið

Selja Glaðheima

Guðríður segir að þreifingar séu í gangi um mögulega sölu á Glað-heimalandinu. Vonast sé til að af þeirri sölu verði. Þá hafi bærinn skuldbindingar vegna uppbygg-ingar byggðar á svæðinu og í skipulagi sé ekki gert ráð fyrir reiðleiðum. Því sé einboðið að hestamenn færi sig á nýja svæðið.

minni en sú stærsta á landinu, sem er á Akureyri. Félagið vilji hins vegar stærri höll.

„Er það endilega málið að Kópa-vogsbær byggji stærstu reiðhöll landsins árið 2011 miðað við efna-hagsaðstæður?“ spyr Guðríður.

kolbeinn@frettabladid.is

Mælingar Veðurstofu:

Ekki útlit fyrir stórt hlaup

NÁTTÚRA Væntanlegt hlaup úr Skaftá gæti náð niður í byggð í dag. Samkvæmt vatnamælingum Veðurstofunnar í gær benti allt til þess að hlaup myndi hefjast, en ekki var gert ráð fyrir miklu vatnsmagni í þessu hlaupi þar sem hlaup varð úr báðum Skaftár-köttum í fyrrasumar.

Almannavarnir vara við ferðum á Skaftárjökul og í lægðum með-fram Skaftá þar sem hætta er á mengun af völdum brennisteins-vetnis, sem getur skaðað slímhúð í augum og öndunarvegi.



BARIST VIÐ SKÆRULIÐA Friðargæslu-liðar Afríkusambandsins börðust við skæruliða í gær.

Átök í skugga neyðarástands:

Barist til að tryggja aðstöð

SÓMALÍA, AP Friðargæsluliðar Afríkusambandsins börðust í gær við skæruliðahópa í Mogadishú, höfuðborg Sómalíu, til að tryggja að hjálpargögn skili sér.

Hungursneyð ógnar lífi millj-óna í Austur-Afríku, en ástandið er alvarlegast í Sómalíu.

Söfnun á Íslandi fyrir nauð-stadda á svæðinu hefur gengið mjög vel og höfðu meðal annars safnast yfir 21 milljón króna hjá UNICEF á Íslandi.

Í tilkynningu frá UNICEF var áréttað að starf þeirra tengist ekki öðrum stofnunum Samein-uðu þjóðanna og dreifing hjálpar-gagna hafi gengið vel.

Alvarleg árás á Monte Carlo:

Maðurinn lést af sárum sínum

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem var stunginn í hálsinn á veitinga-staðnum Monte Carlo fyrir hálf-um mánuði, lést af sárum sínum í vikunni.

Í gærmorgun var karlmaður sem grunaður er um árásina, úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 26. ágúst að kröfu lögreglunnar á höfuðborg-arsvæðinu. Í tilkynningu segir að maðurinn uni þeirri niðurstöðu.

Árásarmaðurinn, sem er um fertugt og af erlendum uppruna, veitti manninum alvarlega áverka á hálsi með hnífi í júní síðastliðnum.

Ný bragðtegund

Texmex

Ný bragðtegund

með papríku

...tvær nýjar bragðtegundir

ms.is

Aukin aðsókn í Skipstjórnarskólann síðustu misseri eftir samdráttarskeið:

Sjómennskan heillar á ný eftir hrun

MENNTUN Talsverð aukning hefur verið á nýskráningum í skipstjórnarnám síðustu misseri. Eftir sam-drátt í nýskráningum á árunum fyrir hrun stefnir nú í að um 100 manns muni nema við dagskóla Skip-stjórnarskóla Tækniskólans næsta vetur og þar að auki 60 til 80 manns í fjarnámi.

Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skip-stjórnarskólans, segir í samtali við Fréttablaðið að tíðin sé breytt frá því að verst lét.

„Aðsóknin í námið hefur alltaf verið sveiflukennd og fylgir jafnan fiskverði og veiðum, og atvinnu-leysi í landi hvetur fólk líka til að fara á sjóinn. Aðsóknin hefur aukist mikið frá því fyrir hrun þegar fjöldi nýnema fór allt niður í tuttugu haustið 2008, en síðustu ár hefur aðsóknin verið með svipuðu móti og hún er nú, þar sem 60 til 70 umsóknir hafa borist.“

Vilbergur segir misjafnt hvað nemar fari langt með nám sitt, en undanfarið hafi flestir sem hefja nám ákveðið að klára öll réttindastigin. Þá hafi orðið ákveðin vitundarvakning í stétt sjómanna varðandi nám.

„Fólk er að átta sig á þeim möguleikum sem felast



SJÓMENNSKAN HEILLAR Mikil ásókn hefur verið í skipstjórnar-nám undanfarin misseri. Vel á annað hundrað nemar verða við Skipstjórnarskólann næsta vetur.

í að ljúka farmannaprófinu, þar sem það eru alþjóð-leg réttindi. Fjölmargir sem útskrifast frá okkur reyna fyrir sér erlendis, þar sem víða er hægt að fá mjög vel launuð störf.“

FJÓR- FALDIR

VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR
HJÁ OLÍS
28. JÚLÍ-1. ÁGÚST



Nýir landnemar fundust í árlegri ferð vísindamanna til Surtseyjar þar sem þróun eyjunnar er skrásett:

Járnsmiður, silfurrani og tungljurt nema land

NÁTTÚRA Nokkrar nýjar tegundir fundust í árlegri ferð vísindamanna til Surtseyjar. Tanginn norðan á eyjunni hefur minnkað um 100 metra á einu ári, að því er fram kemur á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meðal nýrra landnema sem biðu vísindamannanna í Surtsey þetta árið var tungljurt, sem er smávaxin burknategund. Hún er sjö-tugasta tegund háplantna sem nemur land á eynni. Gróskumikið graslendi hefur myndast á suðurhluta Surtseyjar. Í ferðinni fundust einnig í fyrsta skipti bjöllutegundirnar járnsmiður og silfurrani. Talið er að ellefu tegundir fugla hafi verpt í eynni þetta árið, en fýll, svartbakur, sílamáf-

ur og silfurmáfur voru algengustu tegundirnar á eyjunni. Surtsey sjálf hefur verið að minnka að flatarmáli undanfarin ár þar sem sjórinn brýtur niður sandstrendurnar. Borgþór Magnússon, leiðangursstjóri í ferðinni, segir að Surtsey hafi verið um 2,7 ferkílómetrar að flatarmáli eftir gos, en sé nú um 1,3 ferkílómetrar. Borgþór segir ekki talið að Surtsey sökkvi í sæ í bráð, enda harður móbergskjarni sem mun væntanlega standa þótt annað eyðist utan af henni. Nú má sjá hraunjaðarinn í flæðarmálinu, en upprunalega var jaðarinn um 500 metra frá vesturströndinni.



SURTSEY Gróskumikið graslendi hefur myndast á suðurhluta Surtseyjar og baldursbráin er áberandi.

MYND/BORGÞÓR MAGNÚSSON



Á LAUGAVEGI Vegfarendur hafa verið ánægðir með göngugötuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Orðið við ósk verslana:

Göngugatan opin lengur

BORGARMÁL Borgarráð ákvað í gær að verða við beiðni verslunarmanna við Laugaveg um að sá hluti götunnar sem lokaður hefur verið fyrir bílaumferð verði ekki opnaður á ný fyrir bíla fyrr en mánudaginn 8. ágúst. Áður hafði verið ráðgert að opna fyrir bílaumferð miðvikudaginn 3. ágúst. Í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að talning hafi sýnt að fleiri gangandi og hjólandi hafi farið um Laugavegin eftir breytinguna. Skoða á í ljósi reynslunnar hvert framhaldið verður.

Borgarráð veitti jafnframt leyfi fyrir götuhátíð á Skólavörðustíg 2. til 7. ágúst en þá verður gatan lokað frá Bergstaðastræti að Bankastræti.

- ibs

ÁRÉTTING

Maðurinn sem var handtekinn fyrir vörslu barnakláms og ósamilega hegðun gagnvart börnum var ekki starfsmaður Bandalags íslenskra skáta líkt og sagt var í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að maðurinn var sjálfboðaliði hjá KFUM og KFUK.

Krefjast rannsóknar hjá Vinnslustöðinni

Deilur milli eigenda Vinnslustöðvarinnar birtast í kröfum eigenda þriðjungs hlutafjár um rannsókn hjá fyrirtækinu. Verið að reyna að knýja meirihlutann til að kaupa hlut minnihlutans á óraunhæfu verði segir framkvæmdastjóri.

SJÁVARÚTVEGUR Eigendur þriðjungs-hlutar í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum hafa krafist þess að farið verði í ítarlega rannsókn á starfsemi fyrirtækisins og að höfðað verði skaðabótamál gegn framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir þetta birtingarmynd þeirra deilna sem verið hafi við þessa hluthafa undanfarin ár. Á aðalfundi félagsins lögðu fulltrúar Stillu útgerðar fram tillögur um úttekt á fyrirtækinu. Að baki Stillu standa bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir, kenndir við útgerðarfélagið Brim. Þeir eiga tæpan þriðjung í Vinnslustöðinni.

Meðal þess sem fulltrúar Stillu vildu að yrði rannsakað var fyrirkomulag á afurðasölu, umboðslaun, flutningskostnaður, afleiðusamningar, vaxtaskipta- og gjaldmiðlasamningar. Fulltrúar meirihlutans höfnuðu alfarið tillögum um slíka rannsókn á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar.

„Þarna er verið að búa til einhverjar fréttir um rannsóknir og misferli til að reyna að knýja meirihlutann til að kaupa þá út á verði sem er óraunhæft,“ segir Sigurgeir. Hann segir þetta ekki í fyrsta skipti sem þeir leiki þennan leik.

„Þeir geta alveg gleymt því að við förum að kaupa þá út á einhverju óraunhæfu verði og steypa okkur sjálfum í skuldir sem við ráðum ekki við. Þeir verða að átta sig á því að árið 2007 er löngu



FISKVINNSLA Deilur hafa verið í stjórn Vinnslustöðvarinnar undanfarin ár. Eigendur minnihluta hlutafjár vilja að meirihlutinn kaupi þá út, en ekki hefur náðst samkomulag um verð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

liðið,“ segir Sigurgeir. Hann segir fulltrúa Stillu í stjórn Vinnslustöðvarinnar hafa aðgang að öllum upplýsingum um félagið og því þurfi ekki að kveðja til rannsóknarnefnd og leggja í kostnaðarsama rannsókn.

Í kjölfar aðalfundarins fóru fulltrúar Stillu fram á hluthafafund þar sem þeir áformu að leggja til að Vinnslustöðin höfði skaðabótamál gegn framkvæmdastjóra og nokkrum stjórnarmönnum vegna kaupa félagsins á útgerðinni Ufsabergi.

Sigurgeir segir augljóst að kaup Vinnslustöðvarinnar á 35 prósentu hlut í Ufsabergi hafi verið góð kaup. Bæði fyrirtækin hafi skilað

hagnaði á hverju ári frá því kaupin hafi verið gerð, og nú sé stefnt á að sameina þau.

Í kjölfar þess að meirihlutinn hafnaði tillögum fulltrúa Stillu á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar voru Hjálmar og Guðmundur Kristjánssynir felldir af meirihlutunum í kjöri til stjórnar og vara-stjórnar, þar sem þeir áttu áður sæti.

Guðmundur vildi ekki tjá sig um deilurnar í stjórn Vinnslustöðvarinnar þegar í hann náðist í gær.

Hann sagði þó að hann og aðrir sem standi að Stillu hafi viljað selja sinn hlut í Vinnslustöðinni í á þriðja ár, og þeir vonist til að það takist bráðlega. brjann@frettabladid.is

Formaður VR og LÍV:

Verslunarmenn fá frí í ágúst

KJARAMÁL Stefán Einar Stefánsson, formaður VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna, viðrar þá hugmynd í grein í Fréttablaðinu í dag að fólk sem vinnur við verslun og þjónustu fái frí helgina eftir verslunarmannahelgi hafi það unnið um verslunarmannahelgina sjálfa.

Segir hann það sanngjarna kröfu sem vert sé að láta á reyna. „Ég er nú bara að viðra þessa hugmynd núna,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. „Ef það kemur í ljós að þessi hugmynd sé góða gjalda verð þá væri hægt að fara með þetta inn í næstu kjarasamningaviðræður,“ segir hann.

- jse

Uppreisnarmenn sækja fram:

Hertaka svæði stjórnarhersins

LÍBÍA, AP Hundruð uppreisnarmanna hröktu hermenn Múammars Gaddafí, leiðtoga Líbíu, frá þremur bæjum sem þeir hafa haldið í Vestur-Líbíu.

Árásinni er lýst sem stærstu sókn uppreisnarmanna frá því átök í landinu hófust fyrir fimm mánuðum. Svæðið sem uppreisnarmenn sækja að er nærri landamærum Líbíu við Túnis, og talið hernaðarlega mikilvægt.

Uppreisnarmönnum hafði lítið orðið ágengt undanfarnar vikur og mánuði, og virtist þrátefli komið upp í baráttu þeirra við Gaddafí um völd í landinu.

- bj



MUAMMAR GADDAFÍ

HÓPKAUP.IS Í DAG

Jet Ski og svaka fjör á tuðru. Gildir f. tvo.

Verð
~~15.500 kr.~~

Afsláttur
71%

Afsláttur í kr.
11.000 kr.

GILDIR 48 TÍMA

30 viðskiptavinir þarf til að virkja tilboðið

Ef þú ert adrenalínfíkill og fílar hraða, þá er Jet Ski eitthvað fyrir þig. Það er ekkert skemmtilegra en að þeytast um á vatninu í Eiðsvíkinni á 60–100 km/klst. og skoða náttúruperlur Íslands. JET SKI leigan – JETSKI.is

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

HELGIN Það lítur út fyrir að verslunarmannahelgin í ár verði dálítið vætusöm. Rigning með köflum eða skúrir verða viðloðandi S- og V-land og von á stöku skúr víðast hvar annars staðar. Bjartast verður þó N- og A-til og hlýjast þar í dag og á morgun en snýst svo í A-átt.

Á MORGUN víða 3-8 m/s, **SUNNUDAGUR** víða 5-10 m/s, hvassara SA-til

HEIMURINN

Alicante	29°
Basel	23°
Berlín	19°
Billund	22°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	24°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	27°
London	21°
Mallorca	28°
New York	30°
Orlando	33°
Ósló	27°
París	25°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson guðmundur@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Halgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarom@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Ama Rut Kristinsdóttir amarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einarskulason@365.is

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



GRÍSARIFIN ERU KOMIN AFTUR

Til að fylgja þér í ferðalagið



TILBOÐ
1.395 kr/kg
Verð áður 1.695.-

Grísarif Fabrikkunnar
eru forelduð og þarf
aðeins að hita.



1.998 kr/kg.
Verð áður 2.798.-

Kjúklingalundir



598 kr/pk.
Verð áður 739.-

Hamborgarar 2 stk. 175g
án brauðs



1.698 kr/kg.
Verð áður 2.398.-

Lærissneiðar
kryddlegnar



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

1.499 kr/kg.
Verð áður 1.998.-

Grísakótilettur

Jóí FEL



GRILLSÓSUR 5 nýjar tegundir!
JÓA FEL
Hvítlaukssós, piparostós, gráðastós, steikarsós og mangó-karrysós



TILBOÐ
BBQ & BUFFALO
KJÚKLINGAVÆNGIR
499 kr/pk.
Verð áður 699.-



BBQ
SÓSUR



TILBOÐ
FLORIDANA
HEILSUSAFI
229 kr/stk.
Verð áður 244.-



-aðeins að bæta við vatni!



TILBOÐ
BAGUETTE
400G
199 kr/stk.
Verð áður 399.-



TILBOÐ
NÓA SIRIUS
NIZZA BITAR
499 kr/pk.
Verð áður 588.-



TILBOÐ
4 STK Í PAKKA
MINI VÍNARBRAUÐ
299 kr/pk.
Verð áður 449.-



**KOKTEIL-
BLÖNDUR**

24
Hagkaup

OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 1. ágúst á meðan birgðir endast.

Opið á sunnudag í öllum verslunum nema Kringlunni.
Opið í Skeifunni, Garðabæ, Akureyri og Eiðistorgi á mánudag,
lokað í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Hefur þú styrkt hjálparstarf á þessu ári?

Já	67,9%
Nei	32,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú farið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?

Segðu þína skoðun á Vísir

VÍSIR

AÐFRAMKOMIN Þúsundir fjölskyldna í Sómalíu fá aðstoð frá Rauða krossinum.

Rauði krossinn í Sómalíu: Hjúkra fimm þúsund börnum

SÓMALÍA Um 5.500 börn eru nú í næringarstöðvum Rauða krossins í Sómalíu þangað sem þau komu aðframkomin af hungri. Þessar næringarstöðvar eru meðal annars á svæðum uppreisnarmanna, að því er Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands, greinir frá.

„Rauði krossinn getur náð til nauðstaddra á svæðum sem aðrir komast ekki inn á. Það er vegna einstaks hlutverks samtakanna og áherslu þeirra á óhlutdrægni og hlutleysi gagnvart aðilum átaka. Auk þess sem börnum er hjúkrað til heilbrigðis í næringarstöðvum þar sem þeim er gefið vítamínbætt hnetusmjör dreifir Rauði krossinn matvælum til þúsunda fjölskyldna í Mið- og Suður-Sómalíu, þvert á atakalínur á meðan stríð geisar.“

MENNTAMÁL

Deild á Patró starfar áfram

Tveir verkefnisstjórar hafa verið ráðnir á Vestfirði í þróunar- og uppbyggingarverkefni í menntun og rannsóknum. Þetta er liður í aðgerðum ríkisstjórnar til að efla byggð á Vestfjörðum. Þá er tryggt að Framhaldsdeild Fjölbrotar-skóla Snæfellinga starfar áfram á Patreksfirði. BB sagði frá.

6

FRÉTTABLAÐIÐ

29. júlí 2011 FÖSTUDAGUR

Héraðsdómur Reykjavíkur segir ríkið hafa brotið á Sólheimum:

Máttu ekki skera niður til Sólheima

SAMFÉLAGSMÁL Íslenska ríkið vanefndi skuldbindingar sínar við Sólheima þegar fjárframlög til stofnunarinnar voru skopin niður um ellefu milljónir króna, eða fjögur prósent, á fjárlögum fyrir árið 2009. Það er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur sem dæmdi ríkið, með dómi sínum í gær, til þess að greiða málskostnað Sólheima að upphæð tveggja milljóna króna.

Dómurinn sagði skerðinguna ganga gegn þágildandi þjónustusamningi, en hins vegar var ekki fallist á að skerðingin hafi verið ólögmat.

Guðmundur Ármann Péturson, framkvæmdastjóri Sólheima, sagði í samtali við Fréttablaðið að dómurinn væri mikill léttir en þó væri enn óvissa um framhaldið fyrir Sólheima.

„Þetta er í raun fullnaðarsigur því að það er alveg skýrt í dóminum að það var brotið á okkur. Það er þó óvíst hvernig framhaldið verður.“

Guðmundur segist hræddastur um að málið muni tefjast fram úr hófi í meðförum ríkisins, þar sem óvíst sé hvort úrskurði héraðsdóms verði áfrýjað.

„Í millitíðinni getum við ekki veitt fötluðum þjónustu þar sem við fáum ekki fjármuni til þess,“ segir Guðmundur.

43 fatlaðir einstaklingar búa á Sólheimum, en nú standa yfir samningaviðræður við sveitarfélagið Árborg um áframhaldandi starfsemi Sólheima.



FRÁ SÓLHEIMUM Íslenska ríkið fór á svig við þjónustusamning við Sólheima þegar fjárframlög til stofnunarinnar fyrir árið 2009 voru skopin niður.

Útlit fyrir vætusama helgi

Allt útlit er fyrir frekar vætusama verslunarmannahelgi þetta árið. Samkvæmt spá Veðurstofunnar í gærkvöldi verður útileguveðrið best á Austurlandi. Eyjamenn þurfa sennilega að sætta sig við rigningu og rok.

VEÐUR

Verslunarmannahelgin er gengin í garð á nýjan leik með tilheyrandi hefðum landans. Veður-spáin hefur oft verið betri fyrir þessa stærstu ferðamannahelgi ársins, en samkvæmt spá Veðurstofu Íslands í gær verður helgin að öllum líkindum nokkuð vot.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir þó að töluvert hafi dregið úr líkum á mikilli rigningu miðað við spárnar síðustu daga. Lægð, sem átti að fara yfir landið, sneiðir líklega hjá og heldur sig sunnanlands.

„Á laugardag er spáð skúraleiðingum um sunnanvert landið, en þetta verður sennilega sáralítið á Norður- og Austurlandi,“ segir hann.

„Vætan er í raun lítil miðað við það sem áður var í kortunum.“

Einar telur víst að á laugardag verði aukin hætta á rigningu sunnanlands. Á sunnudag heldur lægðin til austurs og þá fari hugsanlega að rigna á því svæði en um norðanvert landið verði að mestu leyti þurrt seinnipart helgarinnar.

Einar telur að þjóðhátíðargestir þurfi líklega að sætta sig við töluverðan strekkjör og vætu.


„Hann blæs úr austri um helgina og það er ekkert sérstaklega hagstætt fyrir Vestmannaeyjar. Lægðin gæti verið upp á sitt besta á sunnudag og mánudag,“ segir Einar. „Svo fer hún hjá, sem betur fer ekki yfir landið, og verður því sennilega mun þurrara um mest allt land á sunnudag.“

Besta veðrið verður því líklega á norðan- og austanverðu landinu þessa verslunarmannahelgina, og mestar líkur þar á hlýindum, logni og þurri jörð.

sunna@frettabladid.is

Veðurhorfur á landinu á laugardag og sunnudag

Á HÁDEGI LAUGARDAGS:



Á HÁDEGI SUNNUDAGS:



SKÝRINGAR:

- 1. Þjóðhátíð í Eyjum
- 2. Færeyskir fjölskyldudagar á Stokkseyri
- 3. Innipúkinn í Reykjavík
- 4. Mýraboltinn á Ísafirði
- 5. Síldarævintýrið á Siglufirði
- 6. Ein með öllu á Akureyri
- 7. Unglingalandsmótið á Egilsstöðum
- 8. Neistaflug í Neskaupstað

Heimild: veður.is

CARS VÖRUR FÁST HJÁ N1



N1 þjónustustöðvar
N1 verslanir

N1

Meira í leiðinni

Breskur ferðamaður telur sig hafa fundið Madeleine McCann á Norður-Indlandi: DNA-sýni leiði sannleikann í ljós

BRETLAND Bresk kona á ferðalagi um Norður-Indland telur sig hafa fundið Madeleine McCann, sem hvarf sporlaust í Portúgal fyrir fjórum árum. Hún er átta ára gömul, sé hún á lífi. Lögreglan á Indlandi hefur tekið DNA-sýni úr stúlkunni sem leiða eiga sannleikann í ljós.

Konan var í hópi ferðamanna þegar hún sá stúlku sem henni þótti líkjast Madeleine. Frönsk kona og belgískur maður voru með stúlkunni og fullyrða þau að þau séu líffræðilegir foreldrar hennar. Litlu munaði að til handalögmála kæmi þegar bandarískur maður reyndi að taka stúlkuna af fólkinu.

Fram kemur á vef breska dagblaðsins Daily Mail að foreldrar Madeleine taki þessum fréttum með miklum fyrirvara, enda sé þetta ekki í fyrsta skipti sem einhver telur sig hafa séð Madeleine

HORFIN Foreldrar Madeleine McCann hafa ekki gefið upp vonina um að finna dóttur sína, en taka fréttum frá Indlandi með miklum fyrirvara.

á þeim fjórum árum sem liðin eru frá hvarfi hennar.

Karen og Gerry McCann, foreldrar Madeleine, gáfu nýverið út bók um hvarf hennar. Þau hyggjast nota ágóðann af sölu bókarinnar til að fjármagna áframhaldandi leit að dóttur sinni.

netto
Kræsingar & kostakjör

SVÍNAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR

40%
afsláttur



GRILLAD
GRILLBÓK VÖLLA SNÆ
1.998 KR



1.199 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

ÚTIHÁTÍÐ & GRILLGLEÐI

KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ



1.999 kr/kg

áður 2.295 kr/kg

LAMBALÆRISSTEIK
FERSK



37%
afsláttur

1.699 kr/kg

áður 2.698 kr/kg

BÖKUNARKARTÖFLUR
Í LAUSU



47%
afsláttur

98 kr/kg

áður 185 kr/kg

SVÍNARIFJABITAR
KRYDDAÐIR



30%
afsláttur

349 kr/kg

áður 498 kr/kg



MANGÓ/CHILI
GRÍSAHNAKKI
ÚRBEINADUR



30%
afsláttur

1.399 kr/pk.

áður 1.998 kr/pk.

NAUTAHAMBORGARAR
5 X 115 G



898 kr/pk.

áður 998 kr/pk.



1.299 kr/stk.

áður 1.598 kr/stk.

DÓSAHATTUR
ÓMISSANDI UM
VERSLUNARMANNA-
HELGINA



KRAFT BBQ SÓSUR
3 TEG.

198 kr/stk.

áður 239 kr/stk.



FANTA ORANGE
/FRUIT TWIST
6 X 330ML

34%
afsláttur

395 kr/pk.

áður 589 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Verslanir Nettó verða lokaðar mánudaginn 1 ágúst

Tilboðin gilda 28. - 31. júlí
eða meðan birgðir endast

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mörg störf er talið að skapist gangi áform um uppbyggingu fiskeldis á Suðurnesjum eftir?

2. Hversu mörg afbrigði af rósum eru í nýjum rósagarði í Laugardal?

3. Hvaða íslenski listamaður teiknaði útför Amy Winehouse fyrir tveimur árum?

SVÖR

leitur Dagsson.

1. Áð minnst kosti 110. 2. 130. 3. Hug-

Könnun á frídögum hjá ESB: Lengsta fríið í Danmörku og Þýskalandi

ESB Danir og Þjóðverjar eru þær þjóðir innan Evrópusambandsins, ESB, sem fá flesta frídaga. Þeir fá að meðaltali 40 frídaga á ári að helgidögum meðtöldum, samkvæmt könnun á vegum sambandsins. Svíar fá að meðaltali 34 frídaga á ári en Grikkir og Portúgalar að meðaltali 33 frídaga á ári. Rúmenar, sem eru neðstir á listanum, fá 27 daga árlega.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði á fundi í maí síðastliðnum að almenningur í Suður-Evrópu fengi of marga frídaga og færi af snemma á eftirlaun. Ekki væri hægt að hafa sameiginlegan gjaldmiðil þegar sumir fengju mikið frí og aðrir lítið. - ibs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Meiddust lítið í bílveltu

Bíll valt á Fróðarheiði á Snæfellsnesi í fyrradag og er talið að mikil bleyta á malarveginum og rok á heiðinni hafi valdið slysinu. Þetta kemur fram á Skessuhorni. Fimm erlendir ferðamenn voru í bílnum. Að sögn lögreglunnar á Snæfellsnesi missti ökumaður stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að billinn valt. Ferðamennirnir voru fluttir á heilsugæslustöðina í Ólafsvík til aðhlynningar en þeir sluppu vel og meiðsl þeirra eru minni háttar.

8 FRÉTTABLAÐIÐ

Kauphöll Íslands áminnir og sektar sveitarfélög fyrir vanskil á ársreikningum: Sveitarfélög sektuð um 1,5 milljónir

STJÓRNSÝSLA Kauphöll Íslands hefur áminnt og sektað fimm sveitarfélög fyrir að skila ársreikningum of seint. Sektin nam einni og hálfri milljón króna á hvert sveitarfélag; Reykjavíkurborg, Vestmannaeyjabæ, Norðurþing, Sandgerðisbæ og Langanesbyggð.

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöll Íslands er þetta í fyrsta sinn sem sveitarfélög eru sektuð vegna þessa. Er það nú gert í ljósi þess að ofangreind sveitarfélög hafi áður fengið áminningar um sein skil á ársreikningum. Þarna sé um endurtekin brot að ræða.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber sveitarfélögum að skila ársreikningum fyrir lok aprílmánaðar. Sé það ekki gert gerir Kauphöllin fyrst athugasemd, veitir svo áminningu, síðan opinbera áminningu og loks sekt.

Reykjavíkurborg, Vestmannaeyjabæ, Norðurþing og Sandgerði skiluðu ársreikningum til Kauphallarinnar um miðjan maí síðastliðinn. Vestmannaeyjabær skilaði reikningi sínum í seinni hluta júní.

Tíu sveitarfélög til viðbótar skiluðu ársreikningum of seint,

29. júlí 2011 FÖSTUDAGUR

Möguleg lausn í sjónmáli: Danskir gíslar eygja frelsi

DANMÖRK Fimm mánaða vist danskrar fjölskyldu í haldi sómal-skra sjóræningja gæti lokið innan skamms samkvæmt fregnum í þarlandum fjölmiðlum.

Fjölskyldan var tekin í gíslingu í febrúar síðastliðnum þegar þau sigldu skútu sinni um Indlandshaf í átt að Rauðahafi.

Fréttir herma að samkomulag sé að nást um lausnargjald að upphæð fimm milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir 574 milljónum íslenskra króna.

- bj

Svari til saka fyrir hvert morð

Ríkissaksóknari í Noregi segir að hryðjuverkamaðurinn Breivik verði látinn svara til saka fyrir hvert morð sem hann framdi. Ákæra verður líklega ekki tilbúin fyrr en á næsta ári. Breivik verður yfirheyrður í dag.

Flaggað í hálfa

Ólafsvaka er haldin hátíðleg í Noregi í dag til minningar um dauða Ólafs Haraldssonar á þessum degi 1030. Dagurinn er opinber fánadagur í Noregi en vegna hryðjuverkanna í Ósló og Útey verður flaggað í hálfa stöng um landið allt í dag.

Breivik hefur sagt að hann tilheyri samtökum og að minnsta kosti tvær aðrar hryðjuverkasellur séu virkar. Janne Kristiansen, yfirmaður öryggislögreglunnar í Noregi, segir að enn bendi ekkert til þess að það eigi við rök að styðjast. „Þetta er einstakt mál. Þetta er einstök manneskja. Hann er illur,“ segir hún. Þó verður rannsókn á því hvort aðrir tengist málinu ekki hætt.

Lögreglan í Noregi greindi í gær frá því að margar sprengjuhótanir hafi borist á síðustu dögum en engin þeirra hafi verið raunveruleg. Það sé eðlilegt í svona ástandi að einhverjir vilji auka á ótta fólks.

Lögreglan nafngreindi í gær 24 fórnarlömb til viðbótar og hafa nú verið borin kennsl á 41 lík. Leit að líkum var hætt í Útey í gær en áfram verður leitað í vatninu í kringum eyjuna. thorunn@frettabladid.is

MIDBORG ÓSLÓ Hreinsunar- og rannsóknarstarf er í fullum gangi í miðborg Óslóar en eins og sjá má eru margar byggingar illa farnar eftir sprenginguna þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Götuþréðikari hefur ferðaðst til 58 landa á 28 árum: Jesús tók við af Jack Daniel's hjá Duane

MANNLÍF Eflaust hafa margir vegfarendur í Reykjavík tekið eftir götuþréðikaranum Duane H. Lyon á leið sinni um götur og torg. Fréttablaðið ákvað að forvitnast um hann og erindið sem bar hann hingað.

„Ég hef komið til 47 ríkja Bandaríkjanna og nú ætlaði ég að bæta Alaska í hópinn en þegar ég sá að það var dýrara að fara til Alaska en til Íslands þá sagði ég: Hei, af hverju skelli ég mér ekki bara til Íslands,“ segir Lyon.

En hvað vill hann segja við Íslendinga. „Í raun og veru aðeins tvö orð; Jesús frelsar,“ svarar hann að bragði. Þegar spurt er frá hverju hann frelsi okkur stendur heldur ekki á svari. „Ég er frá Tennessee í Bandaríkjunum og þar vellur allt í Jack Daniel's vískíi. Mér þótti það reyndar afskaplega gott, jafnvel allt of gott. En þegar ég stóð frammi fyrir því að þurfa að gera upp á milli Jesús og Jacks, þá sá ég að annar var á leiðinni að drepa mig en hinn vildi frelsa mig og því lá rétta ákvörðunin í augum uppi.“

Hann leggur ríka áherslu á að það sé ekki leiðinlegt líf að vera trúður. „Þetta er bara hreint og beint fjör,“ segir hann og hlær við. „Ég er að láta draum minn rætast, ég hef ferðast um 58 lönd á 28

ÞAÐ ER FJÖR AÐ VERA TRÚÐUR Duane H. Lyon segist kunna vel við sig í svölu íslensku sumarveðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

árum og kynnst yndislegu fólki. Núna er ég til dæmis hæstánægður hér á Íslandi, fólkið er yndislegt og veðrið er frábært. Ef einhver er að kvarta út af verðinu hérna getur sá hinn sami minnst þess að við í Tennessee borgum háar fjárhæðir til þess að fá inn til okkar þennan ferska bláa en Guð lætur ykkur fá hann endurgjaldslaust,“ svo skellihlær hann.

- jse

PUNKTAR GILDA x4



FRÁBÆR POKI FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA

SJÓPOKI 40 L

Vatnsheldur poki með límdu saumum sem hentar mjög vel í ferðalagið. Hliðarhandfang og ól yfir öxlina sem hægt er að taka af.

FULLT VERÐ 7.990 KR.

3.990 KR. +1.000 PUNKTAR

N1 þjónustustöðvar N1 verslanir

Meira í leiðinni

N1

Betra Bak kynnir!

TEMPUR® CLOUD

– heilsudýnan sem hefur
slegið öll met hjá Tempur® –

dýnan sem
styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa
í svefni

20% kynningarafsláttur í júlí

Mest selda heilsudýna í heimi*

TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.

Cloud heilsudýnan frá Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvöld.

Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud.
Gerðu kröfur - Tempur stenst þær !



EINA DÝNAN OG KODDINN
SEM VIÐURKENND ERU
AF NASA OG VOTTUÐ AF
GEIMFERDASTOFNUNINI

Frábært verð!

Cloud heilsudýnan
fæst í öllum stærðum.

Verðdæmi: 160x200 cm
Kr. 217.600,- með kynningarafsætti



Farðu inn á
betrabak.is
hér

* Cloud dýnan hefur
slegið öll met hjá
Tempur á heimsvísu!



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Vekjum fólk vonandi til umhugsunar

NEI-hreyfingin gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið áberandi í sumar. **Finnborg Salome Steinþórsdóttir** og **Thomas Brorsen Smidt** starfa í hreyfingunni en þau hafa áhyggjur af því hve oft þolendur kynferðisbrota eru gerðir ábyrgir fyrir brotunum í opinberri umræðu. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** tók þau tali.

NEI-hreyfingin sem berst gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið áberandi síðustu vikur. Hreyfingin hefur í sumar unnið að átaki undir yfirskriftinni: Ef þú fékkst ekki samþykki – þá ertu nauðgari, og heimsótti meðal annars Bestu útihátíðina til að vekja hátíðargesti til umhugsunar um kynbundið ofbeldi. Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Thomas Brorsen Smidt taka þátt í starfi hreyfingarinnar sem er allt unnið í sjálfböðavinnu og fjármagnað með styrkjum. Þá verður hreyfingin sýnileg um verslunarmannahelgina þótt hún heimsæki engar útihátíðir í þetta skiptið.

„Okkar forgangsatriði er að berjast gegn þeirri hugmynd að fórnarlömb nauðgana geti á einhvern hátt sjálfum sér um kennt. Ábyrgð á nauðgunum er alfarið hjá gerandanum en því miður virðist fókúsin í almennri umræðu oft verða á hegðun fórnarlambins. Nú fyrir verslunarmannahelgina hafa skilaboð okkar verið að á útihátíð, rétt eins og annars staðar, hefurðu rétt á því að verða ekki fyrir ofbeldi,“ segir Finnborg Salome, sem er 25 ára gömul og stundar mastersnám í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Nauðgarar ekki skrímsli

NEI-hreyfingin var stofnuð árið 2003 og var lengst eingöngu skipuð körlum en það var karlahópur Femínistafélagsins sem stofnaði hreyfinguna. Á síðasta ári var áherslunum í starfi hreyfingarinnar hins vegar breytt og nú er hún opin áhugasömum af báðum kynjum. Thomas segir hreyfinguna reyna að vinna gegn öllum birtingarmyndum kynbundins ofbeldis. Thomas er 26 ára, hann flutti til Íslands frá Danmörku til að fara hér í háskólanám en hann stundar mastersnám í kynjafræði með Finnborgu í Háskóla Íslands.

Spurður hvers vegna ekki megi hafa orð á ráðum til kvenna um hvernig minnka megi líkurnar á nauðgun svarar Thomas: „Það er tvíþætt. Í fyrsta lagi má segja að að baki þessu sjónarmiði sé sú hugsun að nauðgarar séu á einhvern hátt skrímsli. Þeir bara nauðgi án þess að nokkuð sé hægt að gera í því og menning og and-



ÚTBREIÐA BOÐSKAPINN NEI-hreyfingin verður sýnileg í Reykjavík um verslunarmannahelgina og mun reyna að koma boðskap sínum áleiðis á Reykjavíkurlugvelli og víðar.

rúmsloft skipti engu máli. Málið er það að nauðgarar eru sjaldnast einhver ópersónuleg skrímsli,“ segir Thomas og Finnborg bætir við: „Fólk hugsar oft um einhvern skuggalegan mann í húsasundi þegar hugsað er um nauðgara en flestar nauðganir eiga sér stað inni á heimilum og gerendur eru í langflestum tilfellum einhver sem þolandinn þekkir, oft vinur eða fjölskyldumeðlimur. Við teljum því mikilvægara að tala til mögulegra gerenda og samfélagsins alls um hvernig við getum breytt menningunni til að minnka vandann.“

Thomas segir allt eins hægt að

segja konum að eignast ekki vini eða fara ekki út á meðal fólks, sé hugsunin að stinga upp á leiðum til að verjast nauðgunum. „Það er mjög stutt í skilaboðin: Ekki sýna þig meðal fólks, ekki klæða þig eins og þú vilt, vertu hrædd. Og með því að setja þá byrði á konur ertu í raun að hefta frelsi þeirra,“ segir Thomas.

„Ég las einu sinni um fræðimann frá Sádi-Arabíu sem er auðvitað ríki þar sem konur er eingöngu leyft að hafa augu sín sjáanleg. Þessi fræðimaður sagði að vildu konur koma í veg fyrir nauðganir ættu þær að hylja annað augað. Hugmyndin var sú að konur gætu daðrar með tveimur augum en ekki einu. Þessi hugmynd er bara ekki í lagi, nauðgun er aldrei fórnarlambinu að kenna,“ segir Thomas.

Boðskapnum vel tekið

NEI-hreyfingunni var boðið að taka þátt í Bestu útihátíðinni og þáði boðið með þökkum. Finnborg og Thomas segja viðbrögðin við boðskap þeirra hafa verið mjög jákvæð meðal hátíðargesta.

„Upp til hópa fengum við mjög góð viðbrögð frá bæði gestum og auðvitað skipuleggjendum sem buðu okkur ásamt Quarashi. Það vildu allir spjalla við okkur sem var voða gaman. Og við lögðum áherslu á þetta sem við erum alltaf að tala um að þú hafir rétt á því að verða ekki fyrir ofbeldi á útihátíð. Að gerandinn sé sá eini sem ber ábyrgð á nauðgunum,“ segir Finnborg.

Spurð hvort þau lendi ekki í fólki sem sé ósammála þeim svarar Thomas: „Nei, mjög sjaldan. Ég held að það hafi kannski eitthvað með það að gera að fólk sem er sammála okkur og opið fyrir boðskapnum, vill gjarnan tala við okkur en hinir kannski halda sig til hlés. En á Bestu útihátíðinni stoppuðum við í raun alla og þar sem fólk var ekki að flýta sér neitt þá var það meira en til í að tala við okkur.“

NEI-hreyfingin heimsótti nokkrar útihátíðir sumrin 2007 og 2008 en hyggst halda sig í Reykjavík um þessa verslunarmannahelgi.

„Okkur finnst að frumkvæð-



„Nú fyrir verslunarmannahelgina hafa skilaboð okkar verið að á útihátíð, rétt eins og annars staðar, hefurðu rétt á því að verða ekki fyrir ofbeldi.“

FINNBORG SALOME STEINÞÓRSDÓTTIR

gönguna vera réttu leiðina til að hafa áhrif á þankagang fólks.

Menningin hefur áhrif

NEI-hreyfingin hefur verið gagnrýnd fyrir að leggja alla áherslu á kynferðisofbeldi karla gagnvart konum í ljósi þess að konur séu jú líka gerendur í ofbeldismálum.

„Málið er það að í rúmlega 90 prósentum nauðgana er karlmaður gerandinn. Meðan svo er teljum við fullkomlega réttlætanlegt að tala um þetta sem fyrst og fremst vandamál karla. Þar með erum við ekki að segja að það séu ekki til kvenkyns gerendur og alls ekki að gera lítið úr slíku. En að horfa á þetta sem vandamál sem tengist ekki kynjunum, ég tel það bara ekki ganga upp,“ segir Thomas.

Spurð af hverju þau haldi að áherslan í opinberri umræðu sé oft á þolandann segir Finnborg: „Við eigum auðvitað þínu bág með að skilja það. Ég held hins vegar að það hafi eitthvað að gera með það sem hefur verið kallað nauðgunarmenningin. Það að menningin geri að ákveðnu leyti lítið úr nauðgunum. Það er í raun þetta sem við viljum vekja fólk til umhugsunar um. Getur verið að nauðganir séu aðeins algengari en þær ella væru vegna þess að ekki sé lítið á nauðgun sem þann ógeðslega og óæskilega atburð sem hún er? Er það í lagi að það þyki eðlilegt að karlar horfi á gróft klám, að gert sé grín að nauðgunum og sagðir klámbrandarar á kostnað kvenna?“

Thomas bætir við að það sé auðvitað ekki orsakasamband þarna á milli en að menningin hafi samt sem áður áhrif. Hann segir nauðganir og kynbundið ofbeldi mikið vandamál á Íslandi en einhverra hluta vegna sé það of sjaldan tekið jafn alvarlega og ætti að gera.

„Jafnvel þótt eingöngu sé lítið

RAPUNZEL

Lífræn og sykurlaus tómatsósa

Hún er frábær með grillmatnum og holtt meðlæti fyrir alla, unga sem aldna. Þegar þú vilt sameina gæði, hollustu og gott bragð, veldu þá Rapunzel.

Kjördrasill

Fæst í öllum helstu verslunum á höfuðborgarsvæðinu



á tölfræði lögreglunnar eru tölurnar í raun sláandi. Tölur Stígamáta eru svo aftur mun hærri sem bendir til þess að þetta sé verulega stórt vandamál,“ segir Thomas og Finnborg bætir við: „Nýverið kom út skýrsla um kynbundið ofbeldi á vegum félagsmálaráðuneytisins. Þar voru birtar niðurstöður rannsóknar sem gerð var haustið 2008. Þar kemur í ljós að um 24 prósent kvenna á Íslandi hafa orðið fyrir einhvers konar kynbundnu ofbeldi; nauðgun, kynferðislegri áreitni og svo framvegis. Þá hafa 13 prósent orðið fyrir nauðgun eða þá nauðgunartilraun. Það er auðvitað bara rosalegt.“

Að lokum segir Finnborg að svo virðist sem lögregla og réttarkerfið beini áherslunni því miður of oft að þolendum. Þá sé einnig áberandi að skipuleggjendum útihátíða finnst bara í lagi að það eigi sér stað fjöldi nauðgana á sömu hátíðunum ár eftir ár og komi svo í fjölmiðla og segi að allt hafi gengið vel.

„Við áttum okkur samt á því að við komum boðskapnum ekki bara fyrir í hausnum á fólki. Við getum hins vegar vonandi vakið fólk til umhugsunar og fengið það til að hugsa öðruvísi um kynferðisofbeldi. Takist okkur það höfum við náð árangri.“



KAREN MILLEN
70% afsláttur

KAREN MILLEN
Kringlan og Smáralind

útsala
enn meiri lækkun

70% afsláttur
af All Saints vörum og öðrum vörum

SAINTS
SAINTS Kringlunni | 517-3890



OASIS

Útsala
í fullum gangi

70% afsláttur

OASIS

 Við erum á Facebook

Kringlan / Smáralind / Debenhams

WAREHOUSE



ENN MEIRI LÆKKUN

70% AFSLÁTTUR

 Við erum á Facebook

WAREHOUSE
KRINGLAN

Markmið fyrir verslunarmannahelgina:

Ofbeldis- og slysalaus helgi

Verslunarmannahelgin er framundan, löng helgi hjá flestum nema hluta verslunarmanna og tilvalin til samfunda við fjölskyldu og vini.

Tvennt er það sem allt of lengi hefur sett of mikinn svip á þessa miklu ferða- og samkomuhelgi. Annað eru umferðarslys og óhöpp sem rekja má annars vegar til umferðarálags en hins vegar til óábyrgs aksturs undir áhrifum. Hitt er ofbeldi á samkomum þar sem hlutfall fólks undir áhrifum er allt of hátt. Þá er bæði átt við kynferðislegt ofbeldi og bar-smíðar.

Á þröskuldi verslunarmanna-helgar er ágætt að hafa þetta í huga og að hver og einn velti fyrir sér framlagi sínu til að helgin verði gleðileg hjá sem flestum.

Þeir sem ætla að setjast undir stýri geta bókað að umferðin verður mikil. Það er því best að gera ráð fyrir því fyrirfram að ferðalög taki lengri tíma en endranær. Auk þess að hafa í huga að þolinmæði er dyggð. Akstur undir áhrifum er auðvitað fíranlegur. Það sjá allir sem eru allsgáðir en því miður ekki allir sem eru undir áhrifum. Þess vegna er svo mikilvægt að ákveða það fyrirfram að aka aldrei undir áhrifum.

„Nú fyrir verslunarmannahelgina hafa skilaboð okkar verið að á útihátíð, rétt eins og annars staðar, hefurðu rétt á því að verða ekki fyrir ofbeldi,“ segir Finnborg Salome Steinþórsdóttir, sem er í Nei-hópnum í viðtali við blaðið í dag. Þegar þetta er sagt er átt við kynferðislegt ofbeldi en fullyrðingin á auðvitað við um hvers konar ofbeldi. Það er jú alltaf ofbeldismaðurinn sem ber ábyrgð á gjörðum sínum. Hvort heldur hann beitir kynferðislegu ofbeldi eða hnefum í slagsmálum.

Finnborg og Thomas Brorsen Smidt sem einnig starfar í Nei-hreyfingunni gagnrýna það sem hefur verið kallað nauðgunar-menning og felst í því að gera lítið úr nauðgunum. Þau velta fyrir sér hvort verið geti að nauðganir séu algengari en þær ella væru vegna þess að ekki sé lítið á nauðgun sem þann ógeðslega og óæskilega atburð sem hún er.

Það er í anda þeirrar nauðgunarmenningar sem forráðamenn útihátíða gera lítið úr nauðgunum á þeim hátíðum sem þeir bera ábyrgð á, halda jafnvel fram að hátíðir hafi farið vel fram þrátt fyrir að ein eða fleiri nauðganir hafi átt sér stað á þeim. Að ekki sé minnst á að ganga svo langt að halda því fram að fleiri nauðganir hafi átt sér stað þegar Stígamót voru á staðnum eins og formaður þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum hélt fram fyrr á þessu ári.

Vonandi er framundan helgi þar sem umferðin fer vel og far-sællega fram, enginn ekur undir áhrifum, enginn of hratt og allir sem einn sýna þolinmæði og stillingu.

Enn fremur er óskandi að allt samkomuhald fari fram með friði og spekt. Þar verði hófsemd og gleði ríkjandi en ekki óhóf og ofbeldi. Góða helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Það er engin falleg mynd til af hungruðu barni



Með þinni hjálp getur Rauði krossinn keypt næringarbætta fæðu sem getur bjargað lífi þúsunda barna frá hungursneyðinni í Sómalíu.

Hringdu í söfnunarsíma Rauða krossins 904 1500 og leggðu fram 1500 krónur til hjálparstarfsins.

Bankareikningur 0342, hb. 26, reikn. 12, kt. 530269-2649

raudikrossinn.is

Söfnunarsíminn 904 1500  Rauði kross Íslands

FRÁ DEGI TIL DAGS

Borðum nú samt lambið

Nokkur umræða varð um tillögu um fjórðungshækkun á viðmiðunarverði lambakjöts til bænda. Þeir lágu undir ámæli fyrir hækkunina, en fullyrtu að nægt kjöt væri á innanlandsmarkað þrátt fyrir hátt verð á erlendum mörkuðum. Í þessu ljósi vekur frétt í Bændablaðinu nokkra athygli en þar segir frá því að flýta þurfi slátrun um tvær vikur. Ástæðan er sögð góð sala, svo Íslendingar virðast ekki hafa hafnað lambakjötinu sínu. Trauðla verður þó sagt að spár um nægt kjöt hafi verið reistar á feitum dilki.



Stjórnaðarskrárbrot í stjórnaðarskrá?

Í drögum að stjórnaðarskrá segir að allir skuli njóta mannréttinda án mismunar, til dæmis vegna aldurs. Það vekur upp ýmsar spurningar. Í stjórnaðarskránni er gert ráð fyrir að enginn megi kjósa nema vera orðinn 18 ára gamall. Er þátttaka í kosningum í lýðræðissamfélagi ekki mannréttindi? Og stjórnaðarskráin því komin í mótsögn við sjálfa sig?

Það var þá, þetta er nú

Björgvin G. Sigurðsson alþingis-maður skrifar pistil á heimasíðu sína þar sem hann leggur til að tillögur stjórnlagaráðs um stjórnaðarskrá fari beint í þjóðaratkvæða-greiðslu. Sá sami Björgvin greiddi atkvæði með því 24. mars að sama tillaga færi aftur til meðferðar Alþingis. Hvað ætli skýri breytta skoðun þingmannsins? Kannski aukin netumræða um að stjórnaðarskráin fari beint í þjóðar-atkvæði? kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Helgi verslunarmanna?

Frídagur verslunarmanna



Stefán Einar Stefánsson formaður VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna

Nú gengur í garð hin mikla ferðahelgi sem tengd er frídegi verslunarmanna orjúfanlegum böndum. Oftsinnis hefur verið bent á að heiti þessarar helgar sé rangnefni enda er stór hluti verslunarmanna að störfum þessa daga. Skýringin á því liggur fyrst og fremst í félagslegum breytingum sem eiga sér rætur í auknu þjónustustigi og fleiri möguleikum til affreyningar. Þær breytingar hafa orðið til góðs á flestan hátt, aukið atvinnu og umsvif, en þó fylgir sá böggull skammrifi að þeir sem sérstaklega eiga að njóta hins lögbundna frídags við upphaf ágúst-mánaðar gera það í alltof fáum tilvikum. Því miður býr verslunarfólk við langa vinnudaga og þegar margir njóta frídaga, hvort sem er að sumri til eða í aðdraganda jólanna, er álagið hvað mest í verslun og þjónustu.

Frí síðasta mánudag í júlí?

Úr þessu þarf að bæta en ekki er auðfundin leið til þess. Væri mögulegt að semja um að þeir sem starfa að verslun og þjónustu á frídegi verslunarmanna vinni sér inn rétt til frítöku annan mánudag í ágústmánuði án skerðingar launa? Þar með yrði atvinnurekendum ekki gert erfitt fyrir að manna

stöður þegar verslunarmannahelgin gengur í garð og um leið yrði þeim sem þessi dagur er sérstaklega helgaður gert kleift að njóta þess réttar sem hann á að tryggja.

Af hverju?

Einhverjir kunna að telja þessa hugmynd óframkvæmanlega eða jafnvel ósanngjarna gagnvart atvinnurekendum og öðru launafólki. Hví ætti sá sem getur aflað sér tekna á degi sem telst til stórhátíða skv. kjara-samningi að njóta þess einnig í auknum frítökurétti? Þessi spurning er eðlileg en með því að veita þeim sem eru að störfum á frídegi verslunarmanna aukafrídag í lok júlí er verið að viðurkenna að mjög hefur gengið á tækifæri verslunar- og þjónustufólks til þess að njóta lögbundinna frídaga sem aðrir landsmenn telja sjálfsagða.

Góð helgi fram undan

Verslunarmannahelgin er okkur flestum mikið tilhlökkunarrefni. Við skulum vona að hún fari vel fram og að allir komi heilir heim. Fyrst og síðast hljótum við þó að gleðjast með verslunarmönnum, bæði þeim sem njóta hvíldar frá erli hversdagsins en ekki síður þeirra sem mæta okkur í verslunum landsins yfir helgina.

Stjórnlögum náð

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Störfum stjórnlagaráðs lýkur í dag. Sem einn þeirra sem fengu að taka þátt í þeirri vegferð sem smíði nýs frumvarps til stjórn-skipunarlaga er, get ég auðvitað ekki varist því að upplifa ákveðinn sjálfshátíðleika. Það er merkileg tilfinning að vera í þeim sporum sem fimm hundruð manna og kvenna vildu vera í. Seint verður það traust þakkað nóg.

Líkt og hinir 24 fulltrúarnir greiddi ég atkvæði með því frum-varpi til stjórnskipunarlaga sem nú hefur verið samþykkt í stjórn-lagaráði. Í þeirri ákvörðun felst að ég tel þau stjórnarskrárdrög sem nú liggja fyrir vera yfir það heila betri en núgildandi stjórnarskrá. Í því felst að sjálfsgöðu ekki að ég telji allt í frumvarpinu vera söngl-andi sælu, og að ekkert í frum-varpinu megi skoða betur. Það gefur augaleið að svo er ekki. Ekk-ert frumvarp getur orðið þann-ig að allir fái sitt fram og ekkert mannanna verk er yfir gagnrýni hafið.

Vinna á slíkum samkomum er í eðli sínu málamiðlunarstarf. Menn reyna að finna heildarlausn sem flestir geta sætt sig. Sá þátt-ur starfs stjórnlagaráðs hefur verið til fyrirmyndar. Í því ljósi ber auðvitað að skoða atkvæða-tölur við lokaafgreiðslu einstakra greina með ákveðnum fyrirvara. Sá breiði stuðningur sem flestar greinar frumvarpsins fengu á fundinum seinasta þriðjudag og miðvikudag endurspeglar fyrst og fremst breiða virðingu allra ráðsfulltrúa við þann sáttaranda sem í ráðinu hefur ríkt. Oft var tekist á. Í fyrri umræðu var kosið um fjölmargar breytingartillög-ur, margar þær atkvæðagreiðslur fóru tæpt.

Til að mynda var hlutfall kjósenda sem farið geta fram á atkvæðagreiðslu lækkað úr 15% í 10%. Ég er einn þeirra sem vildi stíga varlegar til jarðar í þessum efnum en ein og ein tala breytir engu um heildaráferð skjalsins hvað þetta varðar. Öllu meira máli skiptir sú umgjörð sem sköpuð er í kringum beina lýðræðið, þar sem gert er ráð fyrir öfl-

ugri aðkomu þingsins að flestum stigum málsins. Þannig munu 2% kjósenda geta lagt fram þingmál til afgreiðslu á Alþingi. Hvort slík mál nái fram að ganga verður háð stuðningi við það á þingi en að fenginni reynslu erlendis frá má ætla að slíkur tillöguréttur verði öflugt vopn í höndum kjósenda sem vilja koma ákveðnum málum á dagskrá.

Margt annað í frumvarpinu er nýmæli. Þannig er lagt til kos-ningakerfi þar sem vægi atkvæða er jafnt á landinu öllu um leið og tryggt er að öll svæði landsins eigi sér fulltrúa á þingi. Hér er um að ræða lausn sem jafnt stuðnings-menn þess að gera landið að einu kjördæmi og þeir sem vilja áfram sjá kjördæmi geta vel unað við. Í þeirri útfærslu sem lögð er til gæti kjósandi í Reykjavík þannig kosið frambjóðendur á landslista sem búsettir eru í öðrum kjördæmum. Þá munu kjósendur ráða öllu um það hvaða frambjóðendur ná kjöri, og stjórnmalaflokkar engu, nái tillögur stjórnlagaráðs fram að ganga. Loks er opnað fyrir mögu-leika kjósenda á að velja frambjóð-endur af fleiri en einum lista en löggjafanum þó falið úrslitavald í þeim efnum.

Þá er hlutverk Alþingis gagn-vart ríkisstjórn eflt til muna, ráð-herrar látnir víkja af þingi, vald minnihluta þingsins aukið, stjórn-arandstöðunni gefið færi á að láta athuga hvort lagafrumvörp stand-ist stjórnarskrá, og skoða emb-ættisfærslur ráðherra og stjórn-sýslunnar. Loks er vald forseta í stjórnarskránni skýrt og felld út orðalag þar sem forseti er sagður fara með platvald.

Málskotsrétti forseta er þó haldið óbreyttum að sinni, en með tilliti til þess að hluti kjósenda mun geta krafist þjóðaratkvæðis um nýsamþykkt lög er ólíklegt að þeim rétti verði framvegis mikið beitt.

Frumvarpi að nýjum drögum að stjórnarskrá hefur nú verið skilað til forseta Alþingis. Í fram-haldinu færi best á því að almenn-ingur, þingmenn og sérfræðingar fengju góðan tíma til að melta skjalið, lýsa sínum sjónarmiðum og ef til vill benda á eitthvað sem betur mætti fara. Góðir hlutir gerast hægt. Góð stjórnarskrá er góður hlutur og breytingar á henni á að gera hægt. Mér þætti ekkert óeðlilegt ef þjóðaratkvæðagreiðsla um hin nýju grunnlög færi fram í lok núverandi kjörtímabils, eftir tvö ár.

Góða umferðarhelgi!

Umferð

Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi



Við upphaf mestu umferðar-helgar ársins er ekki úr vegi að ökumenn hugleiði helstu orsakir alvarlegra umferðar-slys á áður en lagt er út á þjóð-vegi landsins. Hver og einn getur síðan metið með sjálfum sér hvort hann þurfi að breyta akst-urslagi sínu. Rannsóknir sýna að helst má rekja banaslys og önnur alvarleg slys til eftirfar-andi þátta:

- Hraðakstur.
- Bílbelti ekki notuð.
- Ölvunarakstur.
- Svefn og þreyta.
- Reynsluleysi ökumanns.
- Forgangur ekki virtur.
- Vegur og umhverfi.

Af þessari upptalningu sést að orsakir banaslys má oftast rekja til áhættuhegðunar öku-manns eða mannlegra mistaka hans. Stöðugt er unnið að því að gera bílana sjálfa öruggari sem og vegina og umhverfi þeirra. Þau tilvik eru hins vegar sorg-lega mörg þar sem fólk kastast út

úr ökutækjum og bíður bana eða stórslasast vegna höfuðáverka, sem hljótask af harðri lendingu við jörð eða þegar ökutækið velt-ur yfir það. Oft þolir sjálfur bíll-inn áreksturinn en fólk í honum stórslasast eða lætur lífið þar sem bílbelti voru ekki spennt.

Möl og malbik
Ekki verður nægilega brýnt fyrir vegfarendum að sýna sérstaka varúð þegar ekið er eftir hinum íslensku malarvegum, einkum þegar komið er inn á slíka vegi af malbiki eða bundnu slitlagi. Þar er einnig mikilvægara en ella að hægt sé á bifreiðum þegar þær mætast vegna grjótkasts og ryk-mengunar.

Gagnkvæm tillitsemi
Af sömu ástæðu er mjög mikil-vægt að menn hægi verulega á bílum sínum þegar ekið er fram hjá gangandi eða hjólandi vegfar-endum á malarvegum. Því miður hefur verið kvartað yfir því að undanförunu að misbrestur sé á því að ökumenn geri það.

Um leið og öllum landsmönnum er óskað góðrar umferðarhelgar, skal minnt á gamalt spakmæli Skallagríms Kveldúlfssonar, sem enn er í fullu gildi: „Gott er heil-um vagni heim að aka.“



„Ég fer hringinn á einum tanki. Þarf bara að fyll'ann nokkrum sinnum“

Reiknaðu út hvað ferðin kostar á ergo.is

Íslandsbanki Fjármögnun hefur tekið upp nafnið Ergo. Við bjóðum fjár-mögnunarleiðir fyrir bíla og ferðavagna og sértækar lausnir við fjármögnun atvinnutækja af öllum stærðum og gerðum.

ergo.is auðveldar þér ákvarðanatökuna

Á vefnum okkar, www.ergo.is, eru nýjar og öflugar reiknivélar sem hjálpa þér að taka upplýsta ákvörðun.

- › Reiknaðu út greiðslubyrði miðað við þínar forsendur
- › Skoðaðu hvað þú getur keypt þér dýran bíl
- › Berðu saman útblástur og eldsneytiskostnað mismunandi tegunda

Reiknaðu með okkur

Ergo › fjármögnunarbjónusta Íslandsbanka
Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400
www.ergo.is › ergo@ergo.is





BENITO AMILCARE ANDREA MUSSOLINI (1883-1945) stjórnmálamaður og einræðisherra fæddist þennan dag. „Við verðum að vera svo sterkir að við getum horfst beint í augu við hvaða aðstæður sem vera skal. Allt líf þjóðarinnar verður og mun verða að aðlaga sig þessu æðsta sjónarmiði.“

Merkisatburðir

- 1040** Stiklastaðaorrusta í Noregi. Ólafur digri veginn. Eftir dauða sinn er hann nefndur Ólafur helgi.
- 1247** Hákon gamli er hylttur sem konungur Noregs bæði af böglum og birkibeinum.
- 1693** Níu ára stríðið: Englendingar og Hollendingar bíða ósigur fyrir Frökkum í orrustunni við Landen.
- 1858** Japanar undirrita Harris-samkomulagið sem kveður á um vinskap og viðskipti við Bandaríkjamenn.
- 1900** Úmbertó 1. konungur Ítalíu er myrtur af stjórnleysingjanum Gaetano Bresci. Viktor Emmanúel 3. tekur við völdum.
- 1907** Friðrik 8. Danakonungur kemur í heimsókn til Íslands. Konungur ferðast víða um landið.
- 1934** Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum. Fjármálaráðherra er Eysteinn Jónsson og er hann yngstur allra sem gegnt höfðu ráðherraembætti, 27 ára.
- 1957** Alþjóða kjarnorkumálastofnunin er stofnuð af Sameinuðu þjóðunum.
- 1977** Þýskur bankaræningi, sem er eftirlýstur erlendis, er handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk.
- 1981** Karl Bretaprins og lafði Diana Spencer ganga í það heilaga. Aðhöfnin er sýnd í beinni útsendingu um allan heim.
- 1996** Windows NT 4.0 kemur út.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Óskarsdóttir

Furugrund 60, Kópavogi,

lést á Landakotsspítala sunnudaginn 24. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Óskar Jónsson
Bjarni Dagur Jónsson
Dagur Jónsson
Rúnar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn

Hallfríður Eysteinsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Valdís Þórðardóttir
Elsa Ólafsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Íris Sigurbjörg

Sigurðardóttir

Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum,

lést þriðjudaginn 26. júlí á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja.

Hafsteinn Ágústsson
Aðalheiður Hafsteinsdóttir
Ágústa Hafsteinsdóttir
Lára Hafsteinsdóttir
Örn Hafsteinsson
Árni Hafsteinsson
Sara Hafsteinsdóttir
Svava Hafsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Ingi Ólafsson
Ástþór Jónsson
Einar Birgisson
Sólveig Jónsdóttir

Þórólfur Guðnason
Ólafur H. Sigurjónsson



Okkar ástkæri,

Ólafur Donald Helgason

lést mánudaginn 25. júlí 2011. Jarðarförin fer fram miðvikudaginn 3. ágúst í Fríkirkjunni í Reykjavík kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á SÁÁ.

Hulda Ólafsdóttir
Svanhildur Tinna Ólafsdóttir
Dagmar Ólafsdóttir
Ólafur Helgi Ólafsson
Hafsteinn Óskarsson
Kristín Þorsteinsdóttir
og aðrir aðstandendur



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

Ragnar Elinórrsson

Skarðshlíð 28 f, Akureyri,

andaðist laugardaginn 16. júlí á Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og stuðning.

Erla Ívarsdóttir
Hanna Björk Ragnarsdóttir
Ólafur Páll Ragnarsson
Pétur Ingi Ragnarsson
Hjördís Elinórsdóttir
barnabörn og langafabarn

Páll Sigurvínsson
Anna Sigríður Ragnarsdóttir
Elín Þuríður Samúelsdóttir
Hörður Magnússon



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Ástþórs Sveins

Markússonar

Aðallandi 3, Reykjavík.

Halldóra Gísladóttir
Ólafur Svavar Ástþórsson
Anna Guðlaug Ástþórsdóttir
Ásta Ástþórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Ásta Guðmundsdóttir
Hallgrímur G. Magnússon
Gunnar Gunnarsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Björgvinsdóttir

Þórsgötu 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 23. júlí. Útför hennar fer fram í kyrrþey.

Jóhann Rúnar Sigurðsson
Björgvin Sigurðsson
Vignir Sigurðsson
Svavar Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabarn

Aðalbjörg Jónsdóttir
Ólafía Ragnarsdóttir
Eyrún Valsdóttir
Silvía Hromadko



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Róbert Dan Jensson

frv. forstöðumaður Sjómalinga Íslands,

andaðist á Sólvangi miðvikudaginn 27. júlí.

Kristbjörg Stefánsdóttir
Björg Dan Róbertsdóttir
Sigrún Dan Róbertsdóttir
Andri Dan Róbertsson
Edda Dan Róbertsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn

Oddur Kristján Finnbjarnarson
Árni Dan Einarsson
Sigrún Eva Ármannsdóttir
Kristján Jónas Svavarsson



Minjasafn Akureyrar býður upp á gönguferð með leiðsögn á morgun. Fetuð verða fótspor feðranna og gengið um elsta bæjarhluta Akureyrar, fjöruna, gömlu Akureyri og allt norður að Torfunefi. Gangan hefst við Minjasafnið klukkan 14 og endar í Sigurhæðum, húsi þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar. Gísli Sigurgeirsson leiðir gönguna.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

ALLT

Tuna Dís Metya býr til ljúffengar og fallegar kökur og smákökur fyrir öll tækifæri.



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Líka fyrir augað

Tuna Dís Metya er af úkraínskum og tyrkneskum ættum, fædd og uppalin í Bordeaux í Frakklandi en hefur verið búsett á Íslandi í tíu ár. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á bakstri og leyfir ímyndunaraflinu að njóta sín til fulls í litríkum tækifæriskökum sem hún býr til undir merkjum Happy Cakes Reykjavíkur.

„Kökur eru fyrir augað ekki síður en bragðlauka,“ svarar hún þegar forvitnast er um kökuskreytingarnar. Hún kveðst hafa þróað þá tækni við nám í London fyrir ekki löngu. „Ég skellti mér bara í nám í kökuhönnun. Var reyndar nokkurn tíma að ná tökum á útskurðinum og er bara orðin ágæt,“ segir hún kímín.

Hugðarefnið hefur með tím-anum leitt Tunu Dís inn á fleiri spennandi brautir, þar á meðal til starfa hjá Daily News í Ankara í Tyrklandi. „Þar skrifaði ég um lífsstílstengd mál og fékk heila

AMERÍSK SÚKKULAÐIKAKA

Að hætti Tunu Dísar Metya

Kaka:
50 g kakóduft
225 ml vatn
100 g smjör (við herbergishita)
275 g sykur
175 g hveiti
¼ tsk. matarsódi
1 tsk. lyftiduft

Krem:
125 g smjör (við herbergishita)
125 g flórsykur (sigtaður)
70 g súkkulaði (brætt)
Sykurmassi fyrir skreytingarnar.

Sigtið saman hveiti, matarsóda og lyftiduft út í „blönduna“. Blandið saman kakói og vatni og bætið síðast út í. Setjið í mót og bakið við 180° í 35 mínútur.

Kaka: Þeytið vel saman smjör og sykur í skál og bætið eggjunum hægt og rólega saman við þar til blandan verður létt og ljós.

Krem: Hrærið öllum hráefnum mjög vel saman og smyrjið á kökuna.

Eftir að kremið er komið á kökuna, kælið hana og skreytið með sykurmassa.



matarsíðu í hverri viku sem var mjög skemmtilegt.“ Talið beinist aftur að kökunum sem Tuna Dís segir hægt að nálgast á Facebook í gegnum Happy Cakes Reykjavíkur. „Íslendingar eru sólgnir í

þær enda opnir fyrir nýjungum,“ segir Tuna Dís sem er sjálf heilluð af íslenskri matseld. „Já, ég verð til dæmis að fá mína skötu árlega, öðru heimilisfólki til lítillar ánægju!“

roald@frettabladid.is

BRÖNS

ALLA LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA



Verð
aðeins
1.895
með kaffi
eða te

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími: 517 4300

fyrir tvo
eða fleiri

fyrir tvo
3590
krónur
1795 kr. á mann

Taktu þátt í facebook leik Nings og Appelsín og þú getur unnið garðveislu frá Nings

Sumar tílbod

Ristaðar eggjanúðlur með karrý og edamame baunum
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt með Panda orange sósu, hrísgrjón
2 x 0,5l Appelsín

Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

1991-2011
20
ára

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 29. júlí 2011

THELMA BJÖRK EINARSDÓTTIR

Stefnir á atvinnumennsku

- Harpa Einarsdóttir
hannar nýja fatalínu
- Á rúmstokknum
- Tískutáknið
Amy Winehouse

TILVALIN Í FERÐALAGIÐ

Acer Aspire D255-2DQWS



- 1.66GHz Intel Atom N450
- 1GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA harddiskur
- 10,1" TFT WXGA skjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Vefmyndavél
- Windows 7 Starter

TILBOÐ

Kr. **47.950**



@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

núna

* góða helgi



ÓMISSANDI FYRIR HELGINA Þær sem ætla að sletta úr klaufunum um helgina, og skiptir þá engu hvort um er að ræða úti-hátíð eða einfaldlega næsta bar, ættu að lauma þessu setti frá MAC í veskið. Þrifklútarnir eru frábærir til að ná af málningu gærkvöldsins og steinefnaúðinn endurnærir þreytta húð.

blogg vikunnar

Innipúkinn

Tónlistarhátíðin Innipúkinn fer fram í tíunda sinn nú um verslunar-mannahelgina. Hátíðin mun að mestu fara fram í lönó og verður nóg að sjá og hlýða á fyrir þá sem ekki nenna út úr bænum þessa miklu ferðahelgi. Meðal þeirra sem koma fram um helgina eru Valdimar, Sin Fang, Ólöf Arnalds, Agent Fresco og Apparat Organ Quartet. Auk þess verða Hugleikur Dagsson, Ari Eldjárn og Ugly Egils með uppistand.

List á Suðurnesjum

Sýningin UNDIR NIÐRI: UNDER-NEATH – Spiritual cocoon/Sound installation eftir listamanninn Graham Keegan og tónlistarkonuna Kiru Kiru er í fullum gangi í Hlíðunni í Vogum við Vatnsleysuströnd.

Á sýningunni má sjá ullarmusteri Keegans og hlýða á nýtt tónverk eftir Kiru Kiru. Því ekki að gera sér skemmtilega dags-ferð með nesti í poka og skoða þessa skemmtilegu sýningu.



HARPA EINARSDÓTTIR SELDI LISTAVERK TIL AÐ GETA HANNAÐ NÝJA FATALÍNU:

LISTIN BJARGAÐI HÖNNUNINN

Harpa Einarsdóttir, fatahönnuður og listamaður, er einn af þeim hönnuðum sem taka þátt í hönnunarkeppniinni Reykjavík Runway. Harpa brá á það ráð að selja nokkur listaverk eftir sig til að standa undir kostnaði nýrrar fatalínu sem hún er að hanna fyrir keppnina.

Að sögn Hörpu er kostnaðarsamt að framleiða sýnishorn af línu og því ákvað hún að verða sér úti um svolitinn pening með því að selja nokkur listaverk. „Það komu nokkrir englar og keyptu af mér verk. Það kemur mér eitthvað áfram en þó ekki mjög langt. Það er mjög dýrt að gera prótótýpur af línunni og það er einfaldast að láta framleiða hana í heild í verk-smiðju. Það er þó jákvætt hvernig hugsunar-hátturinn innan íslenska hönnunarbransans hefur breyst, núna hjálpa allir hver öðrum og það gerir þetta auðveldara. Sérstaklega þegar maður er orðinn svona ryðgaður eins og ég,“ segir hún brosandí.

Harpa hannar undir heitinu ZISKA og þykir nýja línun nokkuð sérstök. Hún inniheldur meðal annars áprentað munstur og falleg efni og lýsir Harpa henni sem bóhemískri og dulúðugri. Áður hannaði hún undir heitinu Starkiller ásamt Selmu Ragnarsdóttur klæðskera og náði það merki nokkrum vinsældum árið 2007. „Við gerðum allar flíkurarnar sjálfar og höfðum varla undan að anna eftirspurn. Á þessum tíma var



Bjargar sér Harpa Einarsdóttir, listakona og fatahönnuður, brá á það ráð að selja listaverk eftir sjálfa sig til að standa undir kostnaði við nýja fatalínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ég einnig í fullri vinnu hjá CCP og hafði eiginlega ekki orku í að halda þessu gangandi. Þetta er erfíður og kostnaðarsamur bransi og ég nennti ekki að vera í einhverju hálfkákí.“

Hörpu bauðst að sækja sölusýningar í New

York í haust og leitar nú að fjárfestum til að aðstoða hana við framhaldið. „Vonandi kemst maður út og fær pantanir svo hægt sé að setja línuna í framleiðslu. Svo er bara að hanna haust-línuna og hringrásin heldur áfram.“ - sm

Föstudagur mælir með:

Góður ferðafélagi

Sakamálasagan Snjóblinda fjallar um lögreglunýliðann Ara sem hefur störf hjá lögreglunni á Siglufirði. Ari býst við rólegum vetri í hinu nýja starfi en raunin er önnur því lögreglan á Siglufirði verður að takast á við dul-arfullt dauðsfall og mögulegt morðtilræði.

Snjóblinda er önnur skáld-saga Ragnars Jónassonar en áður gaf hann út bókina Fölsk nóta sem hlaut einróma lof gagnrýnenda.

Verkið er vel skrifað og aldrei kemur fyrir dauður kafli. Það eina sem finna mátti að hjá Ragnari er að persónur verks-ins hafa allar gengið í gegnum mikla erfiðleika um ævina og glímt við skyndileg dauðs-föll ástvina. Þetta verður svolítið einsleitt og á köflum nánast ótrúverðugt.

Þess utan er bókinn kjörinn ferðafélagi fyrir þá sem ætla að bregða sér út á land um helgina.



Snjóblinda Bókin er lipurlega skrifuð og kjörinn ferðafélagi um helgina.

* augnablikið



FRÍÐUR HÓPUR Leikkonan Mila Kunis mætti í þessum fallega kjól á frumsýningu myndarinnar Friends With Benefits. Hér er hún ásamt mótaleikurum sínum, Justin Timberlake og Will Gluck. NORDICPHOTOS/GETTY

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR AUKINN AFSLÁTTUR

FILIPPA K
RÜTZOU
SUIT
HUBERT

JEFFREY CAMPBELL
BRUUN & STENGADÉ
BARBARA I GONGINI
SPORTMAX

50-80%

GK HERRASKYRTUR 16.900,-

4.900,-

GK DÖMUSKYRTUR 16.900,-

4.900,-

•• NÝJAR SENDINGAR FRÁ ••

FILIPPA K | FASHIONOLOGY | BEST BEHAVIOR

GK REYKJAVÍK

LAUGAVEGI 66 – 101 REYKJAVÍK – S. 565 2820

föstudagur



Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsíðumynd Anton Brink Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skaffahlöð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




THULE ROCK-FESTIVAL

VERSLUNARMANNAHELGIN

✧ DILLON / Bakgarðurinn 29.-31. júlí ✧



Lay Low
Bárujárn
The Vintage Caravan
Q4U
Two Tickets To Japan
Caterpillarmen
Ofvitarnir
Dorian Gray
No To Self
Trust the lies
Coral
BoB
Sagtmóðigur
Vicky
The Wicked Strangers
Morgan Kane
Ofvitarnir
Finnegan
Kiriyama Family
Lockerbie
Exizt(acoustic)
Thingtak
Saytan
Dimma
Dj Andrea Jóns



1000 kr. fyrir daginn og 2500 kr. fyrir armband á alla hátíðina.
Svo má ekki gleyma lukkuhjólinu og grillinu sem verða á sínum stað alla helgina.

EKKERT SKEMMTILEGRA EN FÓTBOLTI

Thelma Björk Einarsdóttir þykir vera ein efnilegasta fót-boltakona landsins um þessar mundir og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína með meistaraflokki Vals í sumar.

Viðtal: Sara McMahon

Ljósmynd: Anton Brink

Förðun: Helena Konráðsdóttir hjá MAC

Thelma var aðeins sex ára gömul er hún gekk í raðir fótboltadeildar Vals eftir að hafa sótt sumarnámskeið á vegum félagsins. Sumum gæti þótt ákvörðunin undarleg sér í lagi vegna þess að Thelma bjó næstum við hliðina á Fjölnisheimilinu til sextán ára aldurs. „Einn þjálfarinn á leikjanámskeiðinu bauð mér á æfingu með Val og mér fannst tilboðið svo spennandi að ég ákvað að slá til og þá var ekki aftur snúið. Ég hef spilað með Val síðan þá og aldrei viljað skipta um lið. Þegar ég var yngri fannst mér alltaf skemmtilegast að mæta Fjölni því ég fékk oft að heyra það í skólanum að ég væri Valsari,“ segir hún og brosir.

Thelma spilar stöðu varnarmanns bæði með Val og íslenska

landslíðinu en segist þó vera lítill tuddi á vellinum. „Ég er frekar nýbyrjuð að spila stöðu vinstri bakvarðar og spilaði hana fyrst með U19-landslíðinu árið 2009. Ég er örvfætt og ég held að það sé ástæðan fyrir því að ég var sett á vinstri kant þegar ég byrjaði. Ég get látið finna fyrir mér í vörninni en ég er ekki mikið í því að tudda.“

Á fimmtán ára löngum fótboltaferlinum hefur Thelma aðeins fengið tvö rauð spjöld og viðurkennir að það sé mjög svekkjandi að vera vísað út af vellinum. „Ég hef bara einu sinni fengið rautt spjald í meistaraflokki og það gerðist núna nýlega. Ég fékk tvö gul spjöld fyrir frekar heimskuleg brot en sem betur fer unnum við leikinn. Það er alls ekki vinsælt að fá rauða spjaldið því maður er settur í leikbann og þess vegna reynir maður að komast hjá því.“

FLYTUR AÐ HEIMAN Í FYRSTA SINN

Thelma flytur til Bandaríkjanna í næstu viku til að stunda nám við Berkeley-háskólann í Kaliforníu. Hún hlaut fullan námsstyrk vegna fótboltahæfileika sinna og segist bæði hlakka til og kvíða fyrir að flytja að heiman. „Berkeley er bæði með mjög gott fótboltalið og góða námsskrá. Ég hafði skoðað fleiri skóla í Bandaríkjunum og ætlaði upphaflega í háskóla í Flórída en hætti við á síðustu stundu og ákvað að velja Berkeley í staðinn. Þetta er í fyrsta sinn sem ég flyt að heim-

an og ég kvíði því svolítið. Ég kann varla að sjóða egg þannig að ég þarf að passa mig á að borða ekki skyndibita í öll mál. Ég veit heldur ekki alveg við hverju ég á að búast úti en ég sé þetta svolítið fyrir mér eins og háskólalífið er sýnt í bandarísku bíómyndunum. Ég vona bara að þetta verði gaman og að ég komi heim reynslunni ríkari.“

Thelma spilaði sinn síðasta leik með meistaraflokki Vals síðasta þriðjudag. Liðið keppti á móti Fylki og fór leikurinn 4-0 fyrir Val. Hún viðurkennir að hún eigi eftir að kveðja liðsfélagana með miklum söknuði. „Mér finnst tilhugsunin um að kveðja Val á miðju tímabili mjög erfið. Liðið er nánast eins og önnur fjölskylda mín enda hef ég verið hluti af þessum hópi síðan árið 2007.“

Hún hefur eignast margar góðar vinkonur í gegnum fótboltann og segir stemninguna innan hópsins ólýsanlega. „Stemningin hjá liðinu er mjög góð, bæði innan vallar sem utan, en hún getur orðið súr þegar við töpum stigum. En það eru góðir leiðtogar í þessu liði og þær eru fljótar að rífa upp stemninguna þegar það gerist.“

EKKERT SKEMMTILEGRA EN FÓTBOLTI

Þegar Thelma er innt eftir því hvað henni finnist skemmtilegast við fótboltaíþróttina segist hún hafa gaman af öllu sem tengist henni. „Það er allt skemmtilegt við fót-bolta. Mér hefur alltaf þótt mjög gaman í hópíþróttum og í gegnum boltann hef ég kynnst fullt af skemmtilegu fólki og eignast margar góðar vinkonur. Ég er líka með brjálað keppnissskap og fæ útrás fyrir það í leikjum. Það kemst í raun ekkert annað að en boltinn hjá mér, hann er númer eitt, tvö og þrjú.“

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR af allri útsöluvöru

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



SANDRA SIGURÐARDÓTTIR landsliðsmarkvörður úr Stjörnunni, fær ekki félagskípti frá sænska félaginu Jitex BK þátt fyrir að hún hafi rift samningi sínum við félagið. Sandra ætlaði að ganga aftur til liðs við Stjörnuna en það gæti orðið bið á því að hún spili á ný fyrir Garðabæjarliðið. Sandra hefur vísað málinu til FIFA en hún sakar Jitex um vanefndir á samningi sínum. Sænska félagið neitar þessu og sakar Söndu um samningsbrot á móti. Málið er nú til meðferðar hjá FIFA.



JAKOB ÖRN SIGURÐARSON Varð fjórði stigahæstur á NM. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framlag leikmanna á NM:
Prír íslenskir
meðal 7 hæstu

KÖRFUBOLTI Þrír leikmenn íslenska landsliðsins voru meðal þeirra sjö hæstu í framlagi á nýloknu Norðurlandamóti í Sundsvall í Svíþjóð.

Hlynur Bæringsson var í 2. sæti á eftir Dananum Nicolai Iversen, Pavel Ermolinskij var sjötti og Jakob Örn Sigurðarson var síðan í næsta sæti á eftir honum. Íslenska liðið fékk bronsíð á mótinu og þeir Hlynur og Jakob voru valdir í úrvalsliðið.

Hlynur tók flest fráköst á mótinu eða 10,3 í leik en Pavel varð þar í 2. sæti með 8,0 fráköst í leik. Pavel var einnig annar í stoðsendingum með 4,3 í leik og Jakob skoraði 17,8 stig að meðaltali og varð í fjórða sæti yfir flest stig að meðaltali í leik. Hlynur og Logi Gunnarsson voru einnig inni á topp tíu í stigaskorun.

- 66j

Íslendingar á topp 10 á NM

Framlag í leik		
Hlynur Bæringsson	2. sæti (19,5)	
Pavel Ermolinskij	6. sæti (15,5)	
Jakob Örn Sigurðarson	7. sæti (14,5)	
Stig í leik		
Jakob Örn Sigurðarson	4. sæti (17,8)	
Hlynur Bæringsson	7. sæti (15,5)	
Logi Gunnarsson	8. sæti (12,8)	
Fráköst í leik		
Hlynur Bæringsson	1. sæti (10,3)	
Pavel Ermolinskij	2. sæti (8,0)	
Logi Gunnarsson	10. sæti (4,0)	
Stoðsendingar í leik		
Pavel Ermolinskij	2. sæti (4,3)	
Haukur Helgi Pálsson	8. sæti (2,7)	
Hlynur Bæringsson	9. sæti (2,5)	
Stólnir boltar í leik		
Pavel Ermolinskij	3. sæti (2,00)	
Haukur Helgi Pálsson	6. sæti (1,67)	
Jakob Örn Sigurðarson	8. sæti (1,50)	



LÁRA KRISTÍN PEDERSEN Stressið fór illa með íslenska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/KTD

Lára Kristín Pedersen:
Spilum aldrei
aftur svona

FÓTBOLTI Lára Kristín Pedersen, fyrirliði 17 ára landsliðsins, viðurkenndi að íslenska liðið hafi verið langt frá sínu besta í leiknum við Spán í gær.

„Þær voru tilbúnar í leikinn en ekki við. Þær komu inn í leikinn með mun meira sjálfstraust. Það var eins og við værum hræddar. Nú er stressið komið úr okkur. Við ætlum aldrei að spila svona aftur,“ sagði Lára Kristín í viðtali við Írisi Björk Eysteinsdóttur, fjölmiðlafulltrúa íslenska liðsins, eftir leikinn.

„Við mætum tilbúnar í næsta leik, slökum á og höldum boltanum betur. Ætlum að gera það sem við erum bestar í og standa okkur vel á sunnudag,“ sagði Lára að lokum.

- 66j

ÚTI ER EVRÓPUÆVINTÝRI

KR-ingar steinlágu 1-4 gegn Dinamo Tbilisi frá Georgíu í fyrri leik liðanna í 3. umferð undankeppni Evrópudeildar á KR-vellinum í gær þrátt fyrir að hafa fengið óskabyrjun og komist í 1-0 eftir aðeins tveggja mínútna leik.

FÓTBOLTI KR-ingar steinlágu á heimavelli gegn Dinamo Tbilisi frá Georgíu í gær en það er óhætt að segja að vannýtt færi KR-inga og gæði gestanna á síðasta þriðjungi vallarins hafi skilið liðin að.

Vesturbæingar fengu óskabyrjun á blautum KR-vellinum í gærkvöldi. Eftir rúmlega mínútu leik sendi Viktor Bjarki boltann inn fyrir vörnina á Guðjón Baldvinsson sem lék á markvörð Tbilisi og skoraði. Sofandaháttur hjá miðvörðum gestanna en frábær afgreiðsla hjá Guðjóni. Strax í kjölfarið átti Kjartan Henry skot fyrir utan teig í varnarmann og þaðan fór boltinn í stöngina. Áhorfendur trúðu vart sínum eigin augum. Velgengni KR hefur verið ótrúleg í sumar og ekki útlit fyrir annað en Evrópuævintýri KR-inga myndi halda áfram.

Svo fór ekki. Georgíumennirnir, sem höfðu virkað nokkuð áhugalausir í fyrri hálfleiknum sýndu úr hverju þeir voru gerðir. Eftir þunga sókn KR-inga geystust gestirnir í sókn og skoruðu mark eftir vel útfærða sókn. KR-ingar voru seinir til baka og það átti eftir að verða tilfellið nokkrum sinnum í leiknum.

„Okkur fannst leikmaðurinn spila boltanum tilbaka á markmanninn. Dómarinn dæmdi ekkert og leikmennirnir voru óánægðir með það og voru að svekkja sig. Á sama tíma grýtti markvörðurinn boltanum fram og þeir lenda fjórir á þrjá og jafna leikinn. Það var vendipunkturinn í þessu,“ sagði Rúnar Kristinsson þjálfari KR um fyrsta mark gestanna.

KR-ingar komu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og létu strax reyna á markvörðinn. Kjartan Henry fékk dauðafæri í markteignum en skaut í markvörðinn og Guðjón Baldvinsson skaut í tréverkið af stuttu færi í stöðunni 1-2. Íslensk félaglið sem ætla að standa í hærra skrifuðum andstæðingum þurfa að nýta færi sem þessi.

„Það lið sem skorar fleiri mörk vinnur leikinn,“ sagði Casanas þjálfari Tbilisi og var ekkert að flækja hlutina. Orð að sönnu enda gerðu Georgíumennirnir nákvæmlega það. Þeir skoruðu þrjú mörk á stundarfjórðungi um miðjan síð-



DRAUMABYRJUN DUGÐI SKAMMT Markaskorari KR, Guðjón Baldvinsson, í skallabár-áttu við leikmann Dinamo Tbilisi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ari hálfleikinn og kláruðu leikinn. Evrópuævintýri KR-inga úti.

„Við erum að tapa hér fyrir mun slakara liði en Zilina. Það er það leiðinlegasta í þessu. Okkur líður eins og við höfum tapað fyrir liði sem við eigum ekki að tapa fyrir,“ sagði Óskar Örn Hauksson og bætti við: „Mér fannst við ekkert slakari en þeir. Við áttum að skora mörk en vorum óheppnir. Klárlega mjög gott lið samt og þeir refsðuðu okkur fyrir hver mistök.“

Síðari leikurinn fer fram að viku liðinni og sanngjörn spurning hvort KR-ingar muni ekki hvíla leikmenn

í þeim leik. Möguleikinn í hitanum í Tbilisi lítill með þetta veganesti.

„Við gerum okkur alveg grein fyrir því að við erum ekki að fara áfram í þessari keppni. Við viljum samt spila almennilegan leik á úti-velli og vera KR til sóma. Á sama tíma þurfum við að hvíla einhverja leikmenn og gefa öðrum leikmönnum tækifæri á að spila. Leikmönnum sem þurfa á leikæfingu að halda og að fá möguleikann. Við munum nýta þennan leik í það,“ sagði Rúnar svektur með tapið sem hann sagði alltof stórt.

kolbeinntd@365.is



SÖLVI GEIR OTTESEN Er bæði lykilmaður í vörn og markaskorari FCK liðsins þessa dagana. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Sölvi Geir Ottesen:
Hefur skorað 3
mörk FCK í röð

FÓTBOLTI Sölvi Geir Ottesen var hetja FC Kaupmannahafnar á móti Shamrock Rovers í 3. umferð í undankeppni Meistaradeildar Evrópu þegar hann skoraði eina mark leiksins í 1-0 sigri.

Mark Sölva kom strax á 4. mínútu en búist var við að Kaupmannahafnarliðið færi létt með írsku meistarana. Sölvi Geir, sem spilar sem miðvörður, hefur verið á skotskónum að undanfögnu með dönsku meisturinum.

Sölvi skoraði bæði mörkin í 2-2 jafntefli gegn OB frá Óðinsvéum um helgina og svo sigurmarkið í fyrrakvöld og hefur því skorað þrjú mörk fyrir FCK í röð. Það er enginn stuðningsmaður FCK heldur búinn að gleyma dýmæta markinu sem Sölvi Geir skoraði og tryggði með því FCK sæti í riðlakeppni Meistaradeildar á síðustu leiktíð.

- 66j

Veigar Páll Gunnarsson:
Vill ekki fara til
Vålerenga

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson vill ekki fara til Vålerenga þó að Stabæk sé búíð að semja um sölu á honum til nágranna sinna í Ósló.

„Ég sagði nei við tilboði Vålerenga. Ég vil frekar spila áfram með Stabæk en fara til Vålerenga. Ég á eftir eitt og hálft ár af mínum samningi við Stabæk og gæti alveg verið áfram þar því mér líkar vel hjá félaginu,“ sagði Veigar Páll í viðtali við Aftenposten.

Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Veigars Páls, lét hafa það eftir sér að Veigar Páll væri búinn að ná samkomulagi við Rosenberg. Stabæk vill fá meira fyrir Veigar Pál en Rosenberg vill borga.

- 66j

17 ára landslið kvenna átti aldrei möguleika í 4-0 tapi á móti Evrópumeisturum Spánar í gær: Stelpurnar fóru bara á taugum í leiknum

FÓTBOLTI Íslenska 17 ára landsliðið spilar um bronsíð á Evrópumótinu í Nyon í Sviss eftir 0-4 tap á móti Spáni í undanúrslitaleiknum í gær. Íslensku stelpurnar mæta Þýskalandi í leiknum um þriðja sætið á sunnudaginn en þýsku stelpurnar töpuðu á móti Frökkum í vítakeppni í undanúrslitum í gær.

Íslenska liðið hafði unnið alla sex leiki sína og skorað 37 mörk á leið sinni í úrslitin en íslensku stelpurnar áttu aldrei möguleika gegn sterku spænsku liði.

„Við áttum bara einfaldlega afleitan dag. Leikmenn fóru bara á taugum og þá fer allt forgörðum, bæði sendingar og móttaka. Fólk fer að fela sig og vill ekki fá boltann. Það var nú það sem gerðist,“ sagði Þorlákur Arnason, þjálfari íslenska liðsins, en íslensku stelpurnar voru langt frá því að sýna þann leik sem kom þeim í úrslitaleppnina.



SKREFI Á EFTIR Guðmunda Brynja Óladóttir í baráttu við spænska stelpu í leiknum í gær. MYND/IRIS BJÖRK EYSTEINSDÓTTIR

„Þetta var okkar versti leikur. Það er alltaf áfall þegar þú spilar svona illa. Við bjuggum aldrei til leik og stelpurnar eru mest svektar með það,“ sagði Þorlákur en það var erfitt að horfa upp á mörk

spænska liðsins sem voru einstaklega klaufaleg.

„Mörkin voru mjög ódýr en það er ekki við neinn einn að sakast. Við unnum ekki nægilega vel saman sem lið og því fór sem

fór. Við ætlum að vinna leikinn á sunnudaginn og við munum ekki spila svona leik aftur,“ segir Þorlákur en íslenska liðinu gekk afar illa að halda boltanum og létta af pressu spænska liðsins.

„Það var vandamálið því það var eins og boltinn væri heitur. Við erum góðar í að halda boltanum innan liðsins og vorum ekki að sýna okkar réttu hlið í þeim efnum. Við þurfum að vinna í andlega þættinum það kom manni bara á óvart að leikmenn skyldu ekki ráða við spennustigið því það er mikil reynsla í þessu liði,“ sagði Þorlákur.

„Það er enginn pressa á okkur fyrir þennan leik á sunnudaginn því fólk býst ekki við miklu eftir þetta. Við girum okkur upp í það enda höfum við ágætán tíma til að fara yfir okkar leik,“ sagði Þorlákur að lokum.

- 66j

SKÓLABÓKARÐÆMI
UM SPARNAD!!!

OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA Í SKEIFUNNI 11

SKOOLA TÖSKUR

SJÁÐU
VERÐIÐ!



999



11.599

ÁÐUR KR. 14.888



(JEVA)

11.599

ÁÐUR KR. 14.888



2.999



9.999

ÁÐUR KR. 13.999



SJÁÐU
VERÐIÐ!

2.999



1.999

SJÁÐU
VERÐIÐ!

SJÁÐU
VERÐIÐ!

GRIFFILL

ALLTAF
ÖDÝRARI

> Jeff Bridges

„Eitt af því sem mig langar að gera í lífinu, sem er ekki tengt leiklist og listum, er að binda enda á hungur barna í Ameríku.“

Jeff Bridges leikur í kvikmyndinni The Big Lebowski, sem fjallar um Jeff Lebowski sem er tekinn í misgripum fyrir forríkan nafna sinn og flækist þar með í flókinn blekkingarvef manna. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 21.50.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FESTIST VIÐ TÖLVUSKJÁINN

Norskir fjölmiðlar til fyrirmyndar.

Sprenging í Ósló! Skotárás í sumarbúðum! Hættuástand í miðborg Ósló! Ötti í Ósló! Þessar fyrirsagnir íslenskra netmiðla síðdegis á föstudag slógu mig og eflaust flesta Íslendinga út af laginu. Ein friðsælasta borg heims og mín fyrrum heimaborg var óþekktanleg. Brotnir gluggar, logandi hús og blæðandi fólk. Ekki grunaði mann að þetta væri einungis byrjunin á voðaverkunum.

Það sem eftir var vinnudags flakkaði ég milli helstu netmiðla Norðmanna og horfði á beina útsendingu frá ríkissjónvarpi þeirri, NRK. Allt í einu var erfitt að setja sig í stellingar að skrifa um vandræði Parisar Hilton og Kim Kardashian. Hugurinn leitaði til Óslóar og fréttafíkillinn ég lá yfir netinu allt föstudagskvöldið.

Það fyrsta sem ég gerði þegar ég vaknaði á laugardaginn var að



kveikja á tölvunni og skoða VG. Tala látinna í fjölda-morðunum á Útey var sjokkerandi og sögur þeirra sem lifðu af fengu tárin til að renna. Ég las um sögu morðingjans, skoðaði myndskleið af sprengingunni og sá Jens Stoltenberg standa sig með þrýði.

Ég drakk í mig allar þær fréttir sem ég gat sem tengdust voðaverkunum og allt annað skipti mig ekki máli.

Það er óhætt að segja að ég hafi fest við tölvuskjáinn um helgina. Norskir fjölmiðlar eiga mikið hrós skilið fyrir að standa vaktina með þrýði, þrátt fyrir að

þjóðin hafi gengið í gegnum eina verstu árás á norski jörð síðan í seinni heimstyrjöldinni. Meira að segja blöð eins og VG og Dagbla-det, sem eiga það til að blása hlutina upp og taka úr samhengi til að auka lestur, héldu í sér. Norskir fjölmiðlar tókust á við voðaverkin og voru, eins og öll þjóðin, til fyrirmyndar.

RÚV

- 15.50 Leiðarljós (e)
- 16.35 Leiðarljós (e)
- 17.20 Mörk vikunnar
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Litlu snillingarnir (5:12)
- 18.22 Pálína (25:28)
- 18.30 Galdrakrakkar (29:47)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.40 Andri á flandri (3:6) (Norður-land) Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson fór á flakk um Ísland í sumar ásamt bolabítn-um Tómasi á forláta húsbíl, Litla kút að nafni. Saman keyrðu vinirnir krókaleiðir kringum landið í leit að því skýtna og skemmtilega.
- 20.15 Í mat hjá mömmu (4:6) (Friday Night Dinner) Bresk gamanþáttaröð um tvo bræður sem fara alltaf í mat til foreldra sinna á föstudagskvöldum.
- 20.45 Húsbíllinn (RV) Bob Munro leigir húsbíl og fer með fjölskyldu sína í frí í Kletta-fjöllin í Colorado. Þar kynnst þau einkenni-legu fólki og lenda í sköndnum ævintýrum. Leikstjóri er Barry Sonnenfeld og meðal leik-enda eru Robin Williams, Cheryl Hines og Kristin Chenoweth. Bandarísk blómmynd frá 2006.
- 22.30 Lewis – Hvarfpunktur (Lewis: The Point of Vanishing) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufultrúa í Oxford, glímir við dularfullt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 00.10 Charlie Bartlett (e)
- 01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BIÓ

- 08.00 What a Girl Wants
- 10.00 Wayne's World
- 12.00 Pétur og kötturinn Brandur
- 14.00 What a Girl Wants
- 16.00 Wayne's World
- 18.00 Pétur og kötturinn Brandur
- 20.00 Angus, Thongs and Perfect
- 22.00 The Astronaut Farmer
- 00.00 Ocean's Twelve
- 02.05 The Darwin Awards
- 04.00 The Astronaut Farmer
- 06.00 The House Bunny

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors (80:175)
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Life on Mars (12:17)
- 11.50 Making Over America With Trinny & Susannah (4:7)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Friends (18:24)
- 13.25 Frasier (23:24)
- 13.50 Doubting Thomas. Lies and Spies
- 15.25 Auddi og Sveppi
- 15.50 Leðurblökumaðurinn
- 16.15 Ofuröndin
- 16.40 Normfélagið
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (6:21)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 The Simpsons (10:23)
- 19.40 So you think You Can Dance (12:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og að-eins 14 bestu dansaramir eru eftir í keppni-inni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.
- 21.05 So you think You Can Dance (13:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
- 21.50 The Big Lebowski Kostuleg mynd frá hinum óborganlegu Coen-bræðrum sem fjallar um Jeff Lebowski er tekinn í misgrip-um fyrir forríkan nafna sinn. Hann flækist þar með í flókinn blekkingarvef ósvífinna manna sem hafa nafna hans að féþúfu.
- 23.45 Mirrors
- 01.35 Colour Me Kubrick. A True... ish Story
- 03.05 Doubting Thomas. Lies and Spies
- 04.30 Friends (18:24)
- 04.50 The Simpsons (10:23)
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 18.05 Barcelona - Bayern Útsending frá úrslitaleiknum í Audi Cup í München í Þýska-landi. Það eru Bayern München, AC Milan, Barcelona og Internacional sem taka þátt í mótinu.
- 19.50 Rey Cup mótið Sýnt frá Rey Cup, alþjóðlegu knattspyrnumóti sem haldið er í Reykjavík fyrir börn og unglinga. Leikið er í 3. og 4. flokki karla og kvenna. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
- 20.30 F1: Föstudagur Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbún-ing liðanna fyrir kappaksturinn.
- 21.00 Enski deildabikarinn: Arsenal - Birmingham Útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins. Það eru Arsenal og Birming-ham City sem eigast við á Wembley.
- 22.50 Box: Amir Khan - Zab Judah Út-sending frá hnefaleikabardaga í Las Vegas þar sem Amir Khan mætir Zab Judah.

SPORT 2 enski boltinn

- 18.00 Aston Villa - Blackburn Útsend-ing frá leik Aston Villa og Blackburn Rovers í Asíukeppni ensku úrvalsdeildarinnar (Barcleys Asia Trophy).
- 19.45 Chelsea - Kitchee Útsending frá leik Chelsea og Kitchee frá Hong Kong í Ás-íukeppni ensku úrvalsdeildarinnar (Barcleys Asia Trophy).
- 21.30 Premier League World Áhuga-verður þáttur þar sem enska úrvalsdeild-in er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
- 22.00 PL Classic Matches: West Ham - Bradford, 1999
- 22.30 David Beckham Í þessum þætti verður ferill David Beckham skoðaður og helstu afrek þessa frábæra leikmanns sko-ðuð.
- 23.00 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993
- 23.30 PL Classic Matches: Everton - Manchester United, 1995

SKJÁREINN

- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dynasty (14:28) (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.35 Running Wilde (8:13) (e)
- 17.00 Happy Endings (8:13) (e)
- 17.25 Rachael Ray
- 18.10 Life Unexpected (11:13) (e)
- 18.55 Real Hustle (4:10) (e)
- 19.20 America's Funniest Home Videos
- 19.45 Will & Grace (17:27)
- 20.10 The Biggest Loser (21:26)
- 21.00 The Biggest Loser (22:26) Banda-risk raunveruleikasería um baráttu ólíkra ein-staklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.
- 21.45 Being Julia (e) Gamanmynd frá 2004 með Annette Bening í aðalhlutverki. Sögusviðið er London á fyrri hluta síðustu aldar. Julia Langton er fræg leikkona sem á í mikilli tilvistarkreppu. Til að hressa sig við hefur hún ástarsamband við ungan mann.
- 23.30 Parks & Recreation (12:22) (e)
- 23.55 Law & Order: Los Angeles (19:22) (e)
- 00.40 The Bridge (4:13) (e)
- 01.25 Smash Cuts (17:52)
- 01.50 Last Comic Standing (8:12) (e)
- 03.15 Whose Line is it Anyway? (e)
- 03.40 Real Housewives of Orange County (5:15) (e)
- 04.25 Million Dollar Listing (4:9) (e)
- 05.10 Will & Grace (17:27) (e)
- 05.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.10 The Greenbrier Classic (1:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.50 PGA Tour - Highlights (27:45)
- 13.45 The Greenbrier Classic (1:4)
- 16.50 Champions Tour - Highlights
- 17.45 Inside the PGA Tour (30:42)
- 18.10 Golfing World
- 19.00 The Greenbrier Classic (2:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 PGA Tour - Highlights (27:45)
- 23.45 ESPN America

EXTRA

- 19.30 The Doctors (159:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey..
- 20.10 The Amazing Race (11:12) Fjór-tánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þver-an og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppend-ur afar ólíkir en öll með það sameiginlegt að vilja sigra.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 The Closer (1:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið til-nefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
- 22.30 The Good Guys (1:20) Nýir þætt-ir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um lögg-uf af gamla skólanum, Jack, og nútíma-lega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í von-lausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.
- 23.15 Sons of Anarchy (1:13) Adrena-línlaðin þáttaröð um hinn alræmda mótór-hjólaklúbb Sons of Anarchy.
- 00.15 The Amazing Race (11:12)
- 01.00 The Doctors (159:175)
- 01.40 Fréttir Stöðvar 2
- 02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Föstudagsþátturinn Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

INN

- 20.00 Hrafnaping Heimastjórnin.
- 21.00 Motoring Stígur á rosalegri torffæru fyrir austan.
- 21.30 Úlfar og hrefnukjöt Hrefnukjöt matreitt í eldhúsinu á 3 Frökkum.
- Dagskrá INN er endurtekin um helg-ar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM							
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin	
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun	

VILD IS ðE HÓL POJNT!

- Nú geturðu byrjað að nota punktana þína sem þú hefur safnað í Stöð 2 Vild.
- Kaupu viðbótaráskrift fyrir punkta.
- Nýttu punktana þína upp í glæsileg tilboð hjá Vildarvinum Stöðvar 2.
- Kannaðu punktastöðuna þína á stod2.is og njóttu allra þeirra fríðinda sem Stöð 2 Vild býður upp á.

VILD

Allt fyrir áskrifendur

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 19.40
So You Think You Can Dance

Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins fjórtán bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Það má því búast við glæsilegum tilprifum á dansgólfinu í kvöld.

 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Óskastundin 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Af minnisstæðu fólki 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Heilshugar 14.00 Fréttir 14.03 Gími, grúsk og glóriur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Og sólin rennur upp 15.25 Skrafað um meistara Þorberg 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Umferðarútlit 16.07 Fimm fjórðu 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.48 Umferðarútlit 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Tófrateppið 20.00 Leynifélagið 20.30 Með spjót í höfðinu 21.30 Kvöldsagan: Ofvitinn 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.12 Örd kvöldsins 22.15 Umferðarútlit 22.17 Litla flugan 23.00 Kvöldgestir 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

B B C

entertainment

10.40 Deal or No Deal 11.20 Deal or No Deal 11.55 Deal or No Deal 12.30 Jonathan Creek 13.20 Top Gear 14.15 Deal or No Deal 14.50 Deal or No Deal 15.25 Deal or No Deal 16.05 Fawcety Towers 16.40 Allo, Allo! 17.05 Allo, Allo! 17.30 Fawcety Towers 18.00 Live at the Apollo 18.45 Live at the Apollo 21.10 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 22.00 Live at the Apollo 22.45 Live at the Apollo 01.10 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 02.00 Live at the Apollo 02.45 Live at the Apollo 03.30 Allo, Allo!

DR 1

11.45 Et rigtigt cirkusliv 12.15 Forandring på vej 12.45 Uventet besøg i Cambodia 13.15 Aftenshowet Sommer 14.00 Byggemand Bob 14.15 Hyrdehunden Molly 14.30 Den travle by 14.40 Byggemand Bob 14.50 Mægtige maskiner 15.00 Miss Marple 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Quiz og Kærlighed 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret weekend 19.35 Udenfor enhver tvivl 21.15 Sådan fyrer du kæreren! 22.35 Medicinmanden 04.00 Noddy 04.10 Fandango med Sine

NK 1

09.00 Kokkekamp 09.30 Berlin, Berlin 09.55 VM svømming 12.10 Berlin, Berlin 12.35 Filmavisen 12.45 Ut i nærturen 13.00 Derrick 14.00 Sommeråpent 14.45 Svenske hemmeligheter 15.00 Krøniken 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tilbake til 80-tallet 16.40 Distriktsnyheter 17.30 Friidrett 20.00 Kalde spor 21.00 Kveldsnytt 21.15 Kalde spor 21.55 Canal Road 22.40 Deilig å være norsk i Danmark - Thomas Dybdahl 23.35 Country jukeboks u/chat 02.00 Dansefot jukeboks m/chat

svt1

11.50 Genialt eller galet 12.10 Resan till Taube 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Undercover Boss 14.50 K-märkt form 14.55 Från Lark Rise till Candleford 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Resan till Taube 17.15 Jodding i Møre og Romsdal 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 20.00 Nilecity 105,6 Häftigt drag i plugget 22.00 Silent Hill Rapport 00.05 Nina Argentina 00.35 Försvunna 01.05 Rapport 01.10 Vid lägerelden

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Kína og Tíbet

með VITA

14.-30. september 2011

Spennandi ævintýra- og lúxusferð þar sem við heimsækjum Shanghai, siglum á Li-ánni með útsýni til hinna sérstæðu kalksteinsfjalla í Guilin, göngum á Kínamúrinn, förum á Torg hins himneska friðar og að Forboðnu borginni í Peking. Farið verður í ævintýrlegan leiðangur langt inn í Kína að sjá hið sérstæða landslag í Zhangjiajie og mikla náttúrufegurð á þeim stað sem kvikmyndin Avatar var tekin. Hápunktur ferðarinnar er svo Lhasa í Tíbet.

Góð ferð með þrautreyndum fararstjóra!

Verð frá 567.000 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann í tvíbýli, innifalið: Flug til og frá Kína, allt innanlandsflug í Kína, flugvallaskattar, Gisting á 4* og 5* hótelum, ferðir skv. ferðatilhögun, íslensk fararstjórn og máltíðir samkvæmt ferðalýsingu.

*Verð án Vildarpunkta: 577.000 kr.



Fararstjóri er Héðinn Svarfdal Björnsson en hann hefur mikla reynslu af fararstjórn í Kína.

ÍSLENSKA SÍULS VIT55629 0711


VITA er í eigu Icelandair Group.




Við erum flutt!
Suðurlandsbraut 2
Hilton Reykjavík Nordica


VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.


VITA er lífið

FORSÍÐA

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN



Meiri Vísir.

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, fréttar og myndskreiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útlit, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir



„Það er Rocket Man eins og William Shatner flytur það. Það er tímamótaverk.“

Vilhelm Anton Jónsson, Naglbítur og fjölmiðlamaður.

Láta drauminn rætast og opna förðunarskóla

„Þetta hefur verið draumur hjá mér frá því ég byrjaði að læra förðun“ segir Eygló Ólöf Birgisdóttir sem nýverið opnaði förðunarskólann Mood Make Up School ásamt Magneu Elinardóttur og Díönu Björk Eypórsdóttur.

„Þegar ég sagði Magneu frá þessum draumi mínum kom í ljós að hún gekk með sama draum í maganum. Við ákváðum að sameina krafta okkar og höfum verið að undirbúa opnun undanfarið ár.“

Eygló hefur unnið í faginu frá því að hún útskrifaðist árið 2006, meðal annars við kennslu, sem verslunarstjóri hjá MAC og er sminka hjá Ríkissjónvarpinu. Einnig hefur hún gert fjöldann allan af auglýsingum og tískupáttum. Magnea hefur svipaða ferilskrá en þær tvær sjá um alla kennslu í skólanum. Díana Björk sér svo um allan rekstur en hún er menntaður förðunar- og viðskiptafræðingur.

Frá því að stöllurnar opnuðu vefsíðu skólans moodschool.is fyrir stuttu hefur áhuginn verið mikill og þó nokkrir búnir að skrá sig á námskeið í haust. Kennnt verður á snyrtivörur frá MAC og fá nemendur vörupakka þaðan.

„Við ætlum að einbeita okkur að því að kenna nemendum okkar að vinna við fagið og leggjum áherslu á tísku, ljósmyndir og sjónvarp,“ segir Eygló en einnig verðu kennt á „airbrush“ og förðun fyrir háskerpulinsu.

„Við Magnea erum á kafi í þessu og vinnum við förðun á hverjum degi. Þess vegna finnst okkur gaman að geta miðlað einhverju áfram til nemenda. Við höfum allar mikinn metnað og ástríðu fyrir faginu sem á eftir að endurspeglast í skólanum og kennslunni,“ segir Eygló en fyrsta námskeiðið hefst í byrjun september og eru bæði kvöld- og morgunnámskeið í boði.

- áþ



SAMEINA KRAFTA SÍNA Þær Eygló Ólöf Birgisdóttir, Díana Björk Eypórsdóttir og Magnea Elinardóttir eru að opna nýjan förðunarskóla sem nefnist Mood.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndin **Contraband**, í leikstjórn **Baltasars Kormáks**, verður frumsýnd á næsta ári. Kvikmyndaeftirlit Bandaríkjanna hefur þegar tekið myndina til skoðunar og gefið henni stimpilinn R, en það þýðir að myndin er ekki ætluð fólki undir 17 ára aldri. Þetta þykir rétt metið hjá eftirlitinu sem kallar ekki allt ömmu sína og ræður oft úrslitum um aðsókn með ákvörðunum sínum. Spennandi verður að sjá útkomuna, en eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu fara Mark Wahlberg, Kate Beckinsale og Giovanni Ribisi með hlutverk í þessari endurgerð íslensku hasar-myndarinnar Reykjavík Rotterdam.

Íslensku sumarþættirnir á RÚV virðast falla vel í kramið hjá sjónvarpsáhorfendum. Gulli byggir, **Andri** á flandri og Poppunktur eru allir í röð inni á topp tíu lista yfir vinsælustu þætti RÚV og ekki nóg með það, þá eru þeir nánast allir með jafn mikið áhorf: Rúmlega 23 prósent. Kynjahlutfallið er þó frekar skakkt þar sem karlmenn stýra öllum þáttunum, en RÚV hlýtur að laga það fyrir næsta sumar.

- afb



FRAMLEIÐANDINN BARBARA: VIÐ ERUM VÖN ÞVÍ AÐ FARA Á HLÝJA OG SÓLRÍKA STAÐI

HOLLENSKAR FYRIRSÆTUR MEÐ TÍSKUSÝNINGU Á INGÓLFFSTORGI

„Ísland er mjög frábrugðið Hollandi. Það er áskorun að koma hingað,“ segir sjónvarpsframleiðandinn Barbara frá Hollandi. Hún verður stödd hér á landi fram á miðvikudag við upptökur á sjónvarpsþættinum Holland's Next Top Model ásamt hópi Hollendinga.

Um er að ræða hollenska útgáfu af hinum vinsæla bandaríska þætti, America's Next Top Model, sem ofurfyrirsætan Tyra Banks stjórnar. Sjö fyrirsætur eru eftir í hollenska þættinum en upphaflega sóttu um sex þúsund stúlkur til að fá að taka þátt. Stjórnandi er fyrirsætan fyrrverandi, Daphne Deckers. Hún lék í James Bond-myndinni Tomorrow Never Dies sem kom út 1997.

„Við erum vön því að fara á hlýja og sólríka staði og höfum meðal annars farið til Suður-Afríku og Mexíkó. Hugmyndin um að heimsækja Ísland kom upp nokkrum sinnum og á endanum ákváðum við að skella okkur hingað,“ segir Barbara en núna er verið að taka upp sjöttu þáttaröðina. „Við vorum mjög forvitin að sjá landslagið og íslensku náttúruna.“

Stúlkurnar hafa í nógu að snúast meðan á dvöl þeirra stendur. Í gærmorgun fóru þær í köfun, þar sem Deckers var með í för, og einnig heimsækja þær nettímaritið Nude Magazine, tískufyrirtækið Spaksmannssparir og Andreu Brabin hjá Eskimo Models. Ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson ætlar að mynda þær, eins og Monitor greindi frá í fyrradag. Á sunnudaginn verður svo tískusýning á Ingólfstorgi milli kl. 15 og 18. Þar sýna stúlkurnar fót frá tískuhönnuðinum Steinunni Sigurðardóttur. „Við erum mjög stoltar að fá að vera í fötum frá henni,“ segir Barbara.

Tvö ár eru liðin síðan þátttakendur í fimmtu þáttaröð af Britain's Next Top Model komu hingað til lands. Þá hittu þær einnig Andreu Brabin, sátu fyrir í Bláa lóninu og borðuðu þorramat í Fjörukránni í Hafnarfirði. Þá var hin íslenska Huggy Ragnarsson í dómnefndinni og sá hún einnig um að mynda stúlkurnar.freyr@frettabladid.is



HOLLENSKIR ÞÁTTTAKENDUR Sjö þátttakendur eru eftir í Holland's Next Top Model.



Á ÍSLANDI Daphne Deckers er stödd hér á landi vegna þáttarins Holland's Next Top Model.

NORDICPHOTOS/GETTY

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

Hryllingssögur sem geta ekki gerst í veruleikanum

Helgi Jónsson skrifar hinar frægu gæsaúðar-bækur, en er samt hræddur við ýmislegt sjálfur.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins



Full tilhlökkunar á skjáinn

„Ég hlakka mikið til að takast á við þetta nýja verkefni,“ segir Erla Hlynisdóttir blaðamaður, en hún tekur við af fréttamanninum Heimi Má Péturssyni á fréttastofu Stöðvar 2.

Erla hefur mikla reynslu í fjölmiðlun en hún hefur unnið á Mannlífi, DV, Vísi og Bylgjunni. „Það má segja að ég sé búin að prófa allar hliðar fjölmiðlunar. Prentmiðla, netið, útvarp og nú sjónvarp.“

Erla er ekkert stressuð fyrir frumraun sína á skjánum en hún tekur við starfinu á næstunni. Henni finnst fyndið hversu mikill stjórnljómi virðist fylgja sjónvarpsstarfinu. Sjálf ætlar hún ekki að ráðast í neinar útlitsbreytingar né byrja að æfa sig fyrir framan spegilinn. „Nei nei, ég tek þessu öllu með ró og var einmitt að hugsa um það um daginn þegar ég uppgötvaði að fólkinu í kringum mig fannst þetta merkilegri tíðindi en ef ég hefði byrjað að skrifa á blaði,“ segir Erla, sem gerir sér þó grein fyrir því að starfshættirnir eru öðruvísi í sjónvarpi.

„Ég er glöð yfir að geta farið út úr húsi og hitt fólk. Tekið viðtöl á vettvangi í stað þess að vera fyrir framan tölvuna og í símanum allan daginn,“ segir Erla að lokum.



TIL LIÐS VIÐ STÖÐ 2 Erla Hlynisdóttir tekur við af fréttamanninum Heimi Má á fréttastofu Stöðvar 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- áþ

Risaútsala

í fullum gangi



allt að



Opið:
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 12 og 17

ATH opið 31. júlí

vörur frá:

Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind

ezcco®
Kringlan - Smáralind

skór.is
KRINGLAN - SMÁRALIND

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

Toppskórinn

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet

ódýrastir í skóm



Póst : dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hvað med dig, Lili Marlene?

Ekki eiga allir jafngóðar minningar úr Herjólfssdal, þó vonandi muni gestir Þjóðhátíðar í ár ekki upplifa sömu vösbúðina og Sindri Freysson rithöfundur. Hann upplýsti það á Facebook-síðu sinni í gær að 15 ára hefði hann farið á sína fyrstu og einu útihátíð. Brennivín í Sprite var drykkurinn, tjaldstöngin brotnaði í slagsmálum og tjaldbotninn breyttist í tjörn í hellirigningu. Vísir sögunni næst að trjáhrislu bakvið aðalsviðið þar sem Sindri lá og hlustaði á Bubba Morthens syngja Lili Marlene, á dönsku. Síðan hefur Sindri ekki getað hlýtt á það eðla lag. Fall var því ekki fararheill á útihátíðarferli Sindra.



Jólaplata í undirbúningi

Systkinin KK og **Ellen Kristjánsdóttir** hefja upptökur á nýrri jólaplötu í september og er hún væntanleg í búðir fyrir jól. Sex ár eru liðin síðan þau gáfu út plötuna. Jólin eru að koma sem hlaut finar undirtektir. Tvennir tónleikar verða haldnir í Háskólabíói 10. og 11. september í tilefni útgáfunnar. Auk þess að undirbúa jólaplötuna hefur KK verið duglegur að spila með félaga sínum Magga Eiríks að undanförmu. Þeir verða næst á Café Rosenberg á laugardaginn þar sem stemningin verður vafalítið góð. - kóp, fb



Mest lesið

vísir

- 1 Tóku DNA-sýni úr stúlku sem er sögð vera Madeleine
- 2 Fólkskuleg líkamsrás í Suðurhólum
- 3 Bætur greiddar út á frídag verslunarmanna
- 4 Húsaleiga rokin upp úr öllu valdi í Vestmannaeyjum
- 5 Skaftárhlaupið komið í byggð eftir sólarhring

FORSÍÐA VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.



Meiri Vísir.

vísir



Rigningardagar
30% afsláttur
af öllum regnfatnaði
um helgina í Kringlunni

Sumarið er tíminn til að upplifa hina óútreykanlegu náttúru Íslands. Það er sama hvert þú ferð og í hverju þú lendir, útivistarfatnaðurinn frá **ZO•ON** er hannaður til að láta þér líða vel við allar aðstæður.

Rigningardagar - 30% afsláttur af öllum regnfatnaði í verslun okkar í Kringlunni
Gildir til og með sunnudagsins 31. júlí.

ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is